

Almennir skilmálar Íslandsbanka

vegna viðskipta með fjármálagerninga

1. Almennt

1.1. Gildissvið

Eftirfarandi skilmálar gilda um viðskipti með fjármálagerninga fyrir milligöngu Íslandsbanka hf. Almennir viðskiptaskilmálar Íslandsbanka hf. og aðrir sérskilmálar og samningsákvæði vegna þjónustu í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga gilda samhliða skilmálum þessum. Ef ósamræmi er milli skilmála þessara og ákvæða annarra samninga og skilmála bankans um sérgreind viðskipti skulu skilmálar þessir víkja fyrir þeim.

Um hugtök og orðanotkun samkvæmt skilmálum þessum vísast til laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

Skilmála þessa, breytingar á þeim og skilmála sem kunna að koma í staðinn fyrir þá er hægt að nálgast á vefsíðu Íslandsbanka, www.islandsbanki.is/fjarfestavernd. Þar má einnig nálgast upplýsingar og efni sem tengist viðskiptum með fjármálagerninga sem viðskiptavinum ber að kynna sér þ.á m.: Reglur Íslandsbanka um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla, upplýsingar um flokka fjárfesta, upplýsingar um fjármálagerninga og áhættuþætti, útdrátt úr stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra, verðskrá verðbréfabjónustu ásamt upplýsingum um helstu úrskurðar- og réttarúræði viðskiptavina.

1.2. Um Íslandsbanka hf.

Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, er með höfuðstöðvar að Hagasmára 3, 201 Kópavogi, Íslandi (hér eftir nefndur Íslandsbanki eða bankinn). Til að fá upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við einstök útibú eða deildir bankans er hægt að hringja í Ráðgjafaver í síma 440 4000 eða fara á vefsíðu bankans www.islandsbanki.is. Viðskiptavinir geta átt samskipti við bankann á íslensku og ensku. Samskipti á öðrum tungumálum gætu verið möguleg.

1.3. Eftirlit

Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem viðskiptabanki. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi bankans samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og sérlögum sem um starfsemi bankans gilda. Fjármálaeftirlitið hefur aðsetur að Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um Fjármálaeftirlitið á vefsíðu þess www.fme.is.

1.4. Tilgangur

Tilgangur skilmála þessara er að lýsa réttarsambandi Íslandsbanka og viðskiptavinar vegna viðskipta með fjármálagerninga, gera viðskiptavinum grein fyrir eðli þeirra samninga sem undir skilmálana falla, fyrir þeirri áhættu sem í slíkum viðskiptum felst og auðvelda þeim að meta réttarstöðu sína gagnvart bankanum. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér gildandi lög og reglur um viðskipti með fjármálagerninga á hverjum tíma og leita sér utanaðkomandi ráðgjafar þegar við á.

2. Varsla eigna viðskiptavinar og safnskráning

2.1. Vörslureikningar Íslandsbanka

Við upphaf viðskiptasambands vegna fjármálagerninga við Íslandsbanka er vörslureikningur stofnaður í nafni viðskiptavinar á grundvelli skilmála þessara.

Vörslureikningur Íslandsbanka er skrá sem heldur utan um fjármálagerninga viðskiptavinar. Fjármálagerningar keyptir fyrir milligöngu Íslandsbanka verða í vörslubankans, nema viðskiptavinur óskifti að varsla þeirra verði annarsstaðar. Viðskiptavinur getur óskað eftir að aðrir fjármálagerningar í hans eigu verði settir í vörslu Íslandsbanka. Berist fjármálagerningar beint til viðskiptavinar sem eiga að vera í vörslu Íslandsbanka samkvæmt umboði þar um, ber viðskiptavini að tilkynna Íslandsbanka um slíkt án tafar og koma fjármálagerningunum í vörslu bankans við fyrsta tækifæri. Jafnframt skal viðskiptavinur tilkynna Íslandsbanka ef hann selur óútgefna fjármálagerninga sem eru skráðir á vörslureikning hans hjá bankanum. Skili viðskiptavinur ekki til Íslandsbanka fjármálagerningi sem hann fær sendan til sín, en hefur keypt fyrir milligöngu Íslandsbanka og á að vera í vörslu bankans, þá mun bankinn fjarlægja hann af vörslureikningi hans hjá Íslandsbanka.

Íslandsbanki skuldbindur sig til þess að varðveita fjármálagerninga viðskiptavinar og önnur verðmæti á vörslureikningi með tryggjum hætti og ber ábyrgð á vörslu þeirra. Nánari upplýsingar um varðveislu fjármálagerninga og annarra verðmæta viðskiptavinar hjá Íslandsbanka má sjá í grein 2.6.

2.2. Útvistun vörslu fjármálagerna

Íslandsbanka er heimilt að fela þriðja aðila að sjá um vörslu fjármálagerna viðskiptavinar, uppgjör og tengd verkefni, svo sem þegar um erlenda fjármálagerna er að ræða.

Gerir bankinn samning við þriðja aðila um vörslu fjármálagerna kunna fjármálagerna viðskiptavinar og bankans að standa til tryggingar á uppgjöri viðskipta með fjármálagerna. Í slíkum tilvikum kann þriðji aðili, sem vörsluaðili, að eiga rétt til skuldajöfnunar.

Réttarsamband viðskiptavinar og bankans helst óbreytt þrátt fyrir að bankinn nýti sér þessa heimild.

Um ábyrgð bankans vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis þriðja aðila fer samkvæmt viðeigandi lögum, reglum og reglugerðum.

2.3. Safnskráning

Íslandsbanka er heimilt að varðveita fjármálagerna viðskiptavinar á safnreikningi þegar við á samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerna. Safnskráning felur í sér þá þjónustu Íslandsbanka að halda utan um eignir viðskiptavina sinna á eigin reikningi, safnreikningi og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina frá einstökum útgefendum fjármálagerna.

Viðskiptavinum er gerð grein fyrir að Íslandsbanka er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar samkvæmt reglugerð nr. 706/2008 um safnskráningu og varðveislu fjármálagerna á safnreikningi. Helstu réttaráhrif safnskráninga eru:

- viðskiptavinur getur ekki nýtt sér atkvæðisrétt sem fylgir fjármálagernum á safnreikningum,
- safnskráning fjármálagerna getur leitt til ágreinings um eignarhald fjármálagerna við gjaldþrot, greiðslu-stöðvun, slit bankans eða aðrar sambærilegar ráðstafanir sem geta orðið til þess að réttindi tapist. Viðskiptavinur getur tekið fjármálagerna sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald viðskiptavinar,
- viðskiptavinur verður ekki skráður í hlutaskrá viðkomandi félags vegna fjármálagerna á safnreikningum. Arður eða önnur réttindi sem stafa frá félaginu fara inn á safnreikning Íslandsbanka sem skráir réttindin sem eign viðskiptavinar samkvæmt safnskrá Íslandsbanka.

2.4. Viðskipti utan EES

Óski viðskiptavinar eftir viðskiptum með fjármálagerna sem skráðir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins kunna eignir viðskiptavinar, hvort sem þær eru á vörslureikningi viðskiptavinar eða safnreikningi Íslandsbanka, að falla undir löggjöf sem er utan lögsagnarumdæmis Evrópska efnahagssvæðisins sem getur leitt til annarrar réttarstöðu viðskiptavinar en leiðir af skilmálum þessum og íslenskum lögum.

2.5 VS-reikningar hjá verðbréfamiðstöð

Íslandsbanka er heimilt að stofna VS-reikning hjá verðbréfamiðstöð í nafni viðskiptavinar. VS-reikningur er skrá yfir eignaréttindi reikningseiganda á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og getur vistað mismunandi tegundir rafbréfa. Íslandsbanki hefur milligöngu um eignaskráningu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð samkvæmt aðildarsamningi, lögum og reglugerðum þar um.

2.6. Sérgreining fjármálagerna og annarra fjármuna

Íslandsbanki gerir viðeigandi ráðstafanir á hverjum tíma til að varðveita fjármálagerna og aðra fjármuni viðskiptavina sinna lögum samkvæmt. Íslandsbanki skal halda fjármálagernum og öðrum fjármunum viðskiptavinar tryggilega aðgreindum frá eignum bankans og annarra viðskiptavina hans á sérstökum nafnskráðum reikningi. Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta gilda um fjármuni viðskiptavina Íslandsbanka eftir því sem við á.

3. Fyrirmæli um viðskipti og framkvæmd

3.1. Auðkenni í viðskiptum

Í viðskiptum með tiltekna tegundir fjármálagerna ber Íslandsbanka skylda til að auðkenna viðskiptavinum með ákveðnum hætti. Þessi auðkenni eru notuð í skýrslugjöf til eftirlitsaðila og eru mismunandi eftir því hvort viðskiptavinur er lögaðili eða einstaklingur.

3.1.1. LEI auðkenni fyrir lögaðila

LEI auðkenni (e. Legal Entity Identifier) er 20 stafa númer sem notað er til að auðkenna viðskiptavinum sem eru lögaðilar. Íslandsbanka er óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma tiltekin viðskipti ef viðskiptavinur hefur ekki fengið útgefið

gilt LEI auðkenni. Til dæmis þarf LEI auðkenni bæði við kaup og sölu á verðbréfum sem hafa verið tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi og einnig í afleiðuviðskiptum. Viðskiptavinur skal tilkynna Íslandsbanka um LEI auðkenni sitt og einnig um allar breytingar tengdar LEI auðkenni sínu. Nánari upplýsingar má finna á www.islandsbanki.is/LEI.

3.1.2. Einstaklingsauðkenni

Einstaklingsauðkennið auðkennir viðskiptavini sem eru einstaklingar og ræðst af ríkisfangi hvers einstaklings. Íslandsbanka er óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma tiltekin viðskipti án þess að viðskiptavinur gefi upp einstaklingsauðkenni. Til dæmis þarf einstaklingsauðkenni bæði við kaup og sölu á verðbréfum sem hafa verið tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi og einnig í afleiðuviðskiptum. Nánari upplýsingar má finna á www.islandsbanki.is/NCI.

3.2. Viðskiptafyrirmæli

Með viðskiptafyrirmælum er átt við að viðskiptavinur felur Íslandsbanka að framkvæma fyrir sína hönd viðskipti með fjármálagerninga. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á fyrirmælum sínum.

Viðskiptavinur getur óskað eftir að viðskiptafyrirmælum sínum sé breytt eða þau afturkölluð þar til þau hafa verið framkvæmd. Með framkvæmd fyrirmæla er átt við að Íslandsbanki kemur á samningi fyrir hönd viðskiptavinar um kaup eða sölu fjármálagerninga eða hefur framselt eða afhent fjármálagerninga samkvæmt viðskiptafyrirmælum. Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla mun bankinn leitast við að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin í samræmi við reglur Íslandsbanka um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla, sjá nánar á www.islandsbanki.is/fjarfestavernd. Eftir að viðskiptafyrirmæli hafa verið framkvæmd eru þau skuldbindandi fyrir viðskiptavini og verður þeim ekki breytt eða þau afturkölluð.

Viðskipti með fjármálagerninga eru færð af eða á vörslureikning viðskiptavinar sama dag og þau eiga sér stað eða um leið og verð og/eða gengi vegna þeirra liggur fyrir, en uppgjör á sér stað síðar í samræmi við reglur viðkomandi viðskiptastaðar.

3.3. Breytingar á viðskiptafyrirmælum

Litið er á breytingar á magni eða verði þess fjármálagernings sem viðskiptafyrirmæli tilgreina sem afturköllun viðskiptafyrirmæla og um leið sem ný viðskiptafyrirmæli. Breytingar á viðskiptafyrirmælum geta haft áhrif á röð þeirra í viðskiptakerfum. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að innheimta þóknunir, gjöld, og annan útlagðan kostnað sem kann að hljóta af afturköllun viðskiptafyrirmæla. Skal viðskiptavinur bæta Íslandsbanka allan þann kostnað og skaða sem kann að hljóta af slíkri afturköllun.

3.4. Framsetning viðskiptafyrirmæla

Viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar skulu vera skýr, afdráttarlaus og innihalda að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og kennitala viðskiptavinar
- Upplýsingar um hvaða fjármálagerning/a er að ræða
- Upplýsingar um hvort verið er að óska eftir kaupum eða sölu fjármálagernings/a
- Upplýsingar um magn, þ.e. fjölda eininga eða heildarfjárhæð viðskipta
- Upplýsingar um verð eða skilyrt fyrirmæli (Limit Order) ef við á
- Gildistíma viðskiptafyrirmæla ef við á.

3.5. Móttaka viðskiptafyrirmæla

Viðskiptavinur getur komið fyrirmælum á framfæri við Íslandsbanka t.d. með símtali, ritun fundargerðar, með tölvupósti eða með öðrum rafrænum hætti sem bankinn hefur samþykkt. Fari samskipti fram á fundi skal rita fundargerð eða minnispunkta. Slík fyrirmæli eru jafngild fyrirmælum sem berast í síma. Skrifleg viðskiptafyrirmæli teljast móttækin þegar þau hafa verið lesin af starfsmanni Íslandsbanka. Íslandsbanki áskilur sér rétt í öllum tilfellum til að kalla eftir öryggisupplýsingum áður en fyrirmælum frá viðskiptavini er framfylgt og til að óska eftir staðfestingu á fyrirmælum sem gefin hafa verið innan þeirra tímamarka sem Íslandsbanki ákveður.

3.6. Ábyrgð á viðskiptafyrirmælum

Viðskiptavinur ber alla ábyrgð og áhættu á því að viðskiptafyrirmæli berist bankanum með fullnægjandi hætti. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að fara ekki eftir fyrirmælum telji starfsmenn bankans að þau hafi ekki verið gefin af viðskiptavini, vafi leiki

á um efni þeirra, viðskiptin séu sérstök eða óvenjuleg miðað við fyrri viðskipti eða óvenjuleg miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum viðskiptum eða það brjóti með einhverjum hætti í bága við lög eða reglur að framfylgja þeim.

3.7. Heimild til að hafna viðskiptafyrirmælum

Bankanum er heimilt að hafna framkvæmd viðskipta einhliða og án skýringa. Í slíkum tilfellum á viðskiptavinur ekki kröfu gagnvart bankanum um framkvæmd einstakra viðskipta á grundvelli skilmála þessara þrátt fyrir að viðskiptavinur hafi samþykkt þá. Bankinn getur einnig hafnað að ganga til samninga við viðskiptavin veiti viðskiptavinur bankanum ekki þau gögn, upplýsingar eða tryggingar sem bankinn kann að óska eftir eða ef bankinn telur að samningurinn gæti farið í bága við lög og/eða markaðsvenju eða sé óeðlileg að einhverju leyti.

3.8. Réttur til að ógilda viðskiptafyrirmæli

Íslandsbanki áskilur sér rétt til að ógilda og fella tilboð úr tilboðaskrá ef sýnt þykir, að mati bankans, að því sé ætlað að hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun í viðskiptakerfi viðkomandi viðskiptavettvangs, að tilboð sé sneytt viðskiptalegum tilgangi eða því sé ætlað að tefja eða koma í veg fyrir aðgang annarra aðila að viðskiptakerfinu. Íslandsbanki áskilur sér jafnframt rétt til að fella niður viðskipti sem leiða t.d. af óumdeilanlegri villu, broti á lögum eða reglum eða tæknilegum truflunum í viðskipta- og/eða uppgjörskerfum.

3.9. Tilkynningar

Nýti bankinn sér rétt til að fara ekki eftir fyrirmælum, hafna framkvæmd viðskipta eða ógilda eða fella tilboð úr tilboðaskrá í samræmi við greinar 3.5–3.8 skilmála þessa, skal hann leitast við að tilkynna viðskiptavini það eins fljótt og unnt er.

Bankinn ber ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir fari bankinn ekki eftir fyrirmælum, hafni framkvæmd viðskipta, eða ógildi eða felli tilboð úr tilboðaskrá í samræmi við greinar 3.5–3.8 skilmála þessa.

3.10. Viðskiptafyrirmæli í netbanka eða appi

Viðskipti sem framkvæmd eru gegnum netbanka Íslandsbanka (hér eftir nefndur netbanki) eða smáforriti Íslandsbanka (hér eftir nefnt app) með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi eiga sér stað í viðskiptakerfi viðkomandi markaðar. Með því er átt við að tilboð viðskiptavinar um viðskipti með fjármálagerninga, sem Íslandsbanki móttækur í netbanka eða appi, með rafrænum hætti í gegnum nettengingu við viðskiptavin, skráist sjálfkrafa í viðskiptakerfi viðkomandi markaðar.

Viðskipti með hlutdeildarskrirteini sjóða fara alla jafna ekki fram í gegnum skipulegan markað heldur eru þau skráð í viðskiptakerfi þeirrar fjármálastofnunar sem hefur með höndum eignaskráningu þeirra sjóða sem um ræðir hverju sinni.

3.11. Reglur viðeigandi viðskiptavettvangs gilda um viðskiptafyrirmæli

Öll viðskipti sem Íslandsbanki hefur milligöngu um samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar skulu lúta reglum þess viðskiptavettvangs þar sem viðskiptin eiga sér stað. Viðskiptin skulu teljast hafa átt sér stað á þeim viðskiptavettvangi þar sem viðkomandi fjármálagerningur hefur verið tekinn til viðskipta. Með reglum í þessu samhengi er átt við lög, reglugerðir og hvers kyns aðrar reglur, skráðar sem óskráðar, samþykktir, viðskiptavenjur o.s.frv. Viðskiptavinur telst bundinn af öllum slíkum reglum á sama hátt og ef hann hefði átt viðskiptin án milligöngu Íslandsbanka.

3.12. Tilkynning um viðskipti

Bankinn birtir í netbanka/appi tilkynningu til viðskiptavinar um framkvæmd viðskiptafyrirmæla eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir framkvæmd viðkomandi viðskiptafyrirmæla, nema um annað sé sérstaklega samið, eða ef bankinn móttækur staðfestingu frá þriðja aðila. Móttaki bankinn staðfestingu frá þriðja aðila birtir bankinn tilkynningu um viðskiptin eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir að slík staðfesting hefur borist bankanum, nema annar aðili sendi viðskiptavini tilkynningu sem inniheldur sömu upplýsingar tafarlaust.

3.13. Tilkynningar til eftirlitsaðila

Í kjölfar viðskipta með fjármálagerninga sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma, er bankanum skylt að tilkynna um viðskiptin, eða eftir atvikum tilboð um viðskipti, til viðeigandi eftirlitsaðila.

4. Uppgjör og söluréttur

4.1. Uppgjör

Viðskiptavininn ber að tryggja að þeir fjármálagerningar eða fjármunir sem honum ber að afhenda á uppgjörstigi séu til staðar á tilgreindum reikningum við framkvæmd viðskipta. Viðskiptavininn ber ábyrgð á því tjóni sem bankinn kann að hljóta sökum þess að fjármálagerningar eða fjármunir samkvæmt framangreindu séu ekki til staðar.

4.2. Söluréttur

Þegar fjármálagerningar eru afhentir inn á vörslureikning viðskiptavinnar sama dag og viðskiptin eiga sér stað, en greiðsla fer ekki fram á uppgjörstigi, heimilar viðskiptavininn Íslandsbanka að selja umrædda fjármálagerninga í heild eða að hluta á hverjum þeim viðskiptastað sem bankinn ákveður, innlendum eða erlendum, eða getur látið selja þá á nauðungaruppboði eða komið þeim í verð á hvern þann hátt annan, sem hann kys, og ráðstafa andvirðinu til skilvísrar og skaðlausrar greiðslu á kaupverði umræddra fjármálagerninga, höfuðstól, vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði eða öðrum kostnaði, hverju nafni sem nefnist, allt að vali Íslandsbanka.

4.3. Endurkrafa

Komi til þess að Íslandsbanki beiti sölurétti sínum eignast bankinn kröfu á hendur viðskiptavininn fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söliverði auk kostnaðar. Viðskiptavininn ber áhættuna af gengisbreytingum umræddra fjármálagerninga.

4.4. Aðilaskipti

Verði þörf á frekari atbeina viðskiptavinnar til að aðilaskipti að fjármálagerningi geti farið fram, skuldbindur viðskiptavininn sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni. Sinni viðskiptavininn því ekki er Íslandsbanka heimilt að leita aðstoðar sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavininn sinnir ekki.

5. Hljóðritun símtala og varðveisla gagna

5.1. Hljóðritun símtala og skráning samskipta

Til að tryggja öryggi í viðskiptum og rétta framkvæmd fyrir mæla samþykkir viðskiptavininn að símtöl við starfsmenn Íslandsbanka séu hljóðrituð. Viðskiptavininn samþykkir jafnframt að öll önnur samskipti milli hans og starfsmanna bankans sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta, t.d. rafræn samskipti og fundargerðir, verði skráð og varðveitt án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn, og ef á þarf að halda að þau séu notuð til að skera úr um ágreining sem rísa kann vegna viðskipta hans hjá Íslandsbanka. Viðskiptavininn samþykkir að ofangreind samskipti teljist full sönnun þess sem fram fór milli aðila.

5.2. Varðveisla gagna

Öll gögn, hverju nafni sem þau nefnast, sem innihalda upplýsingar um viðskipti viðskiptavinnar og framkvæmd þeirra eru vistuð hjá bankanum í a.m.k. sjö ár. Gögn þessi innihalda m.a. upplýsingar sem skylt er að afla á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

6. Viðskipti með fjármálagerninga í netbanka eða appi Íslandsbanka

6.1. Viðskipti í netbanka og appi

Viðskiptavininn getur stofnað til viðskipta með fjármálagerninga í netbanka eða appi Íslandsbanka hafi hann samþykkt viðeigandi skilmála. Um viðskipti með fjármálagerninga í netbanka og/eða appi gilda samhliða viðeigandi skilmálar um aðgang að netbanka, Appskilmálar Íslandsbanka og skilmálar þessir. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að rjúfa aðgang að netbanka og/eða appi um stundarsakir, fyrirvaralaust og án tilkynningar ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis, hvers konar bilana o.þ.h.

Netbanki og app Íslandsbanka veita ekki á beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

6.2. Ábyrgð

Viðskipti með fjármálagerninga í netbanka og appi eru alfarið að frumkvæði og á ábyrgð viðskiptavinnar. Íslandsbanka er óskylt að meta hvort viðskipti með fjármálagerninga í netbanka og appi séu tilhlýðileg fyrir viðskiptavininn þegar um er að ræða viðskipti með einfalda fjármálagerninga í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Í slíkum viðskiptum njóta viðskiptavinir ekki

Þeirrar verndar sem í slíku mati felst. Þegar viðskiptavinur hyggst eiga viðskipti með flókna fjármálagerninga í netbanka eða appi er Íslandsbanka skylt að meta hvort viðskiptin séu tilhlýðileg fyrir viðskiptavin og þarf viðskiptavinur að hafa svarað spurningum vegna tilhlýðileikamats áður en viðskipti eru framkvæmd.

Tilboð sem gerð eru í viðskiptakerfi viðskiptavettvangs í gegnum netbanka eða app eru bindandi og á ábyrgð viðskiptavinar. Það verð sem fram kemur í slíku tilboði er skuldbindandi af hálfu viðskiptavinar og tilboðstaka. Íslandsbanki tekur enga áhættu fyrir hönd viðskiptavinar vegna viðskipta hans. Viðskiptavini er með öllu óheimilt að dreifa opinberum markaðsupplýsingum úr viðskiptakerfum viðskiptavettvangs.

Viðskiptafyrirmæli sem framkvæmd eru í netbanka eða appi teljast fyrirmæli um ákveðna framkvæmd í skilningi 1. mgr. 48. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og telst bankinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt 48. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga með framkvæmd þeirra.

7. Umboð

Allt sem Íslandsbanki gerir á grundvelli neðangreindra umboða skal vera jafngilt og ef viðskiptavinur hefði gert það sjálfur.

7.1. Umboð vegna vörslu fjármálagerninga

Viðskiptavinur veitir hér með Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til að skrá fjármálagerninga í hans eigu, sem hann óskar eftir að varðveittir séu hjá bankanum, á vörslureikning hjá Íslandsbanka. Íslandsbanki hefur umboð til þess að stofna VS-reikning fyrir hönd viðskiptavinar hjá verðbréfamiðstöð. Auk þess hefur Íslandsbanki umboð til þess að óska eftir yfirliti frá útgefendum fjármálagerninga um hlutabréfaeign viðskiptavinar til þess að kanna réttmæti skráðrar hlutabréfaeignar samkvæmt vörslureikningi viðskiptavinar, sbr. heimild í 8. mgr. 30. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, hjá hlutaskrá viðkomandi félaga.

7.2. Umboð vegna innlendar verðbréfamiðlunar

Viðskiptavinur veitir hér með Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til að miðla fjármálagerningum sem skráðir eru í hans eigu í samræmi við fyrirmæli hans eða eftir því sem við á samkvæmt öðrum sérsamningum s.s. *Samningi um eignastýringu* eða *Samningi um fjárfestingarráðgjöf*. Umboðið nær til þess að framkvæma öll þau atriði sem nauðsynleg eru til að annast verðbréfamiðlunina, þ.m.t. til að kaupa og selja fjármálagerninga, framselja þá í nafni viðskiptavinar, móttaka greiðslur s.s. arðgreiðslur, afborganir, verðbætur og vexti af fjármálagerningum í vörslu Íslandsbanka. Þá nær umboðið til þess að leggja inn fé og taka út af bankareikningi viðskiptavinar.

7.3. Umboð vegna erlendar verðbréfamiðlunar

Viðskiptavinur veitir Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til þess að gera samning við þriðja aðila (verðbréfamiðlara, vörsluaðila fjármálagerninga o.s.frv.) vegna verðbréfamiðlunar fyrir hans reikning erlendis. Umboð þetta nær til þess að annast hver þau samskipti sem Íslandsbanki telur nauðsynleg vegna hinnar erlendu verðbréfaeignar, senda fyrirmæli um millifærslur, annast greiðslur af bankareikningi umsækjanda, móttaka greiðslur, annast uppgjör, afgreiðslu fyrirtækjaaðgerða o.s.frv.

8. Fjárfestavernd

8.1. Hagsmunaárekstrar

Íslandsbanki hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Útdrátt úr stefnunni má nálgast á www.islandsbanki.is/fjarfestavernd. Viðskiptavini er kunnugt um að Íslandsbanki eða tengdir aðilar geti verið gagnaðilar í viðskiptum með fjármálagerninga og framkvæmt viðskipti á viðskiptavettvangi fyrir aðra viðskiptavini sína á sama tíma. Gerir viðskiptavinur sér grein fyrir að hagsmunir hans, annarra viðskiptavina bankans og bankans sjálfs, geta verið ólíkir á hverjum tíma. Íslandsbanki getur ekki ábyrgst að slíkir hagsmunir muni ekki hafa áhrif á hagnað eða tap af viðskiptum viðskiptavinar.

Þóknanir, umboðslaun og annar fjárhagslegur eða ófjárhagslegur ávinningur, sem Íslandsbanki móttækur eða lætur af hendi til þriðja aðila í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga getur verið til þess fallinn að valda hagsmunaárekstrum í starfsemi bankans. Íslandsbanka er hins vegar heimilt að taka við og halda eftir minniháttar ófjárhagslegum ávinningi sem eykur gæði þjónustu til viðskiptavina og kemur ekki í veg fyrir að Íslandsbanki geti uppfyllt skyldu sína um að starfa með hagsmuni viðskiptavinar að leiðarljósi. Minniháttar ófjárhagslegur ávinningur getur m.a. verið upplýsingar um fjármálagerninga eða fjárfestingarþjónustu, opinberar upplýsingar frá útgefanda, hófleg risna og þátttaka á ráðstefnum og námskeiðum.

8.2. Reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Íslandsbanki hefur sett sér reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla (e. Rules on best execution of orders). Í samræmi við reglurnar leitar Íslandsbanki allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla frá viðskiptavini. Reglurnar taka jafnt til almennra fjárfesta sem og fagfjárfesta. Reglurnar eru birtar á www.islandsbanki.is/fjarfestavernd. Með undirritun á *Samning um viðskipti með fjármálagerninga* við Íslandsbanka hf. staðfestir viðskiptavinur að hann hafi kynnt sér og samþykkt reglur bankans um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

8.3. Samsöfnun viðskiptafyrirmæla

Við ákveðnar markaðsaðstæður getur Íslandsbanki sameinað viðskiptafyrirmæli viðskiptavina til að þjóna hagsmunum þeirra, án sérstakrar tilkynningar þar um. Viðskiptafyrirmæli eru ekki sameinuð nema ólíklegt sé, að mati bankans, að sameiningin muni reynast óhagstæð fyrir viðskiptavin. Við sérstakar aðstæður er þó mögulegt að slík sameining feli í sér óhagræði fyrir viðskiptavini, svo sem þegar stærð viðskipta hefur áhrif á markaðsverð viðkomandi fjármálagernings.

Meginreglan er sú við sameiningu viðskiptafyrirmæla að viðskiptum er úthlutað þannig að viðskiptavinir fá úthlutað hlutfallslega í samræmi við fyrirmæli sín og á því meðalverði sem náðist við framkvæmd. Hafi bankinn safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning og lagt við ein eða fleiri fyrirmæli viðskiptavina/r, skal viðskiptunum úthlutað þannig að það komi ekki niður á hagsmunum viðskiptavinar og viðskiptavinur njóti alla jafna forgangs við úthlutun.

Sjá nánar um meðferð viðskiptafyrirmæla í reglum Íslandsbanka um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla á www.islandsbanki.is/fjarfestavernd.

8.4. Framkvæmd skilyrtra viðskiptafyrirmæla

Þegar skilyrt fyrirmæli vegna hlutabréfa eru ekki framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna skal Íslandsbanki, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað, stuðla að því að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis á aðgengilegan hátt samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Birting þjónar ekki alltaf hagsmunum viðskiptavinar og viðskiptavinur á ávallt þann kost að óska þess að fyrirmæli verði ekki birt opinberlega.

8.5. Flokkun fjárfesta

Viðskiptavinur sem óskar eftir að eiga viðskipti með fjármálagerninga er flokkaður sem almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili, í samræmi við 51. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Viðskiptavinum er tilkynnt um þann flokk sem þeir teljast til, en flokkunin ákvarðar hve mikla fjárfestavernd Íslandsbanka ber að veita viðkomandi viðskiptavini. Almennum fjárfestum er heimilt að sækja um að teljast til fagfjárfesta, almennt eða í einstökum viðskiptum, en Íslandsbanka er ekki heimilt að taka slíka umsókn til greina nema að uppfylltum skilyrðum laga og reglna bankans um reynslu, þekkingu og fjárhagsstöðu. Íslandsbanka er heimilt að eiga í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja tilteknum skilyrðum sem fram koma í skilmálum þessum, í samræmi við 1. mgr. 55. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar geta óskað eftir að vera meðhöndlaðir (flokkaðir) sem almennir fjárfestar og fá þannig aukna fjárfestavernd. Viðskiptavinir bera ábyrgð á að tilkynna Íslandsbanka um allar breytingar sem geta haft áhrif á flokkun þeirra.

8.6. Upplýsingagjöf til fjárfesta

Íslandsbanki skal veita viðskiptavinum sínum og öðrum sem hann býður þjónustu sína greinargóðar upplýsingar um fjármálafyrirtækið sjálft, þjónustu þess, viðskiptastaði, kostnað og gjöld vegna viðskipta með fjármálagerninga, þá fjárfestingarkosti sem þeim standa til boða og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir. Þessar upplýsingar skulu vera svo skýrar að viðskiptavinir eigi þess kost að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Íslandsbanka er heimilt að veita viðskiptavinum upplýsingar með rafrænum hætti á varanlegum miðli. Þá er Íslandsbanka heimilt að veita viðskiptavini upplýsingar með rafrænum hætti ef upplýsingunum er ekki beint til hans persónulega, þ.m.t. af vefsíðu Íslandsbanka, www.islandsbanki.is/fjarfestavernd.

Íslandsbanki veitir viðskiptavinum upplýsingar um kostnað og gjöld sem tengjast fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, og fjármálagerningum, ásamt greiðslum til og frá þriðja aðila í samræmi við 34. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Íslandsbanki birtir á vef bankans, www.islandsbanki.is sundurliðaðar upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld fjármálagerninga og fjárfestingarþjónustu svo að viðskiptavinur geti áttað sig á heildarkostnaði og áhrifum hans á arðsemi fjárfestingarinnar. Raunverulegur kostnaður sem viðskiptavinur greiðir fer eftir þeim fjármálagerningi og/eða þjónustu sem viðskiptavinur velur ásamt þeirri fjárhæð sem fjárfest er fyrir en upplýsingarnar á vefnum sýna kostnað við fjárfestingar fyrir mismunandi fjárhæðir í dæmaskyni. Upplýsingar um kostnað og gjöld taka ekki til greina kostnað sem felst í almennum áhættuþáttum við fjárfestingar í fjármálagerningum, t.d. undirliggjandi markaðsáhættu.

Íslandsbanki veitir viðskiptavinum, þegar við á, árleg yfirlit yfir raunverulegan kostnað sem viðskiptavinur greiddi fyrir fjármálagerninga og fjárfestingar- og viðbótarþjónustu á árinu. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að veita fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum takmarkaða upplýsingagjöf um kostnað og gjöld, allt eftir því sem lög heimila hverju sinni.

8.7. Upplýsingaöflun vegna mats á hæfi og tilhlýðileika vegna fyrirhugaðra viðskipta

Veiti bankinn viðskiptavini þjónustu í formi eignastýringar eða fjárfestingarráðgjafar er bankanum skylt að afla þeirra upplýsinga frá viðskiptavini sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að leggja mat á þekkingu og reynslu hans á viðkomandi tegund viðskipta og fjármálagerningum, fjárhagsstöðu hans, þ.m.t. getu til að mæta tapi og markmiðum hans, þ.m.t. áhættuþoli, með fyrirhugaðri fjárfestingu, sbr. 44. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Íslandsbanka er þá kleift að veita viðskiptavini ráðleggingar um hvaða fjármálagerningar og fjárfestingarþjónusta hæfa honum.

Veiti bankinn viðskiptavini aðra fjárfestingarþjónustu en eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf skal bankinn afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar til að meta hvort viðskiptin séu tilhlýðileg fyrir viðskiptavininn, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Þrátt fyrir framangreint er Íslandsbanka ekki skylt að meta hvort viðskipti séu tilhlýðileg fyrir viðskiptavin þegar um einfalda fjármálagerninga er að ræða og viðskiptin fela eingöngu í sér framkvæmd eða móttöku og miðlun viðskiptafyrirmæla ásamt því að þjónustan sé veitt að frumkvæði viðskiptavinar (e. Execution Only), sbr. 4. mgr. 45. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Íslandsbanka er heimilt að afla minni upplýsinga frá fagfjárfestum. Vegna fjárfestingarráðgjafar er bankanum ekki skylt að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu og fjárhagsstöðu, þ.m.t. getu til að mæta tapi þegar viðskiptavinur er fagfjárfestir. Bankinn mun einungis afla upplýsinga um fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, þ.m.t. áhættuþol.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á að veita Íslandsbanka réttar og uppfærðar upplýsingar samkvæmt 44. og 45. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga (e. Suitability and Appropriateness). Veiti viðskiptavinur ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar þá getur bankinn ekki veitt þá þjónustu sem óskað er eftir. Bankinn mun ekki framkvæma sjálfstæða rannsókn á högum viðskiptavinar. Viðskiptavinum er bent á að þrátt fyrir mat á hæfi og tilhlýðileika, getur ákvörðun um fjárfestingu leitt til verulegs taps og hvílir áhættan af viðskiptum ávallt á viðskiptavinum bankans. Mat á hæfi miðast við þann tímapunkt sem matið á sér stað. Aðstæður á markaði geta breyst hratt og viðskiptavinur ber sjálfur ábyrgð á að fylgjast með slíkum breytingum á markaði.

8.8. Fjárfestingarráðgjöf

Íslandsbanki veitir háða fjárfestingarráðgjöf í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga þegar bankinn veitir fjárfestingarráðgjöf. Í fjárfestingarráðgjöf sem er háð felst að þeir fjármálagerningar sem bankinn veitir ráðgjöf um geta verið útgefnir af bankanum sjálfum og/eða aðilum í nánnum tengslum við bankann, t.d. sjóðir í stýringu hjá Íslandssjóðum sem er dótturfyrirtæki Íslandsbanka. Ráðgjöf sem Íslandsbanki veitir vegna viðskipta með fjármálagerninga byggir því á greiningu á ólíkum tegundum fjármálagerninga sem geta bæði verið útgefnir af aðilum í nánnum tengslum við bankann og aðilum sem hafa engin nán tengsl við bankann.

Þegar Íslandsbanki veitir almennum fjárfesti fjárfestingarráðgjöf mun bankinn, áður en viðskipti eiga sér stað, afhenda honum yfirlýsingu um mat á hæfi á varanlegum miðli samkvæmt 46. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Yfirlýsingin inniheldur upplýsingar um hvaða fjárfestingarráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum viðskiptavinar. Þegar fjárfestingarráðgjöf á sér stað með fjarsölu, t.d. í gegnum farsíma eða með rafrænum hætti, er Íslandsbanka heimilt að afhenda viðskiptavini yfirlýsingu um mat á hæfi eins fljótt og auðið er eftir að viðskiptin eiga sér stað. Viðskiptavinur hefur kost á að fresta viðskiptunum til að hann geti mótttekið yfirlýsinguna áður en viðskiptin eiga sér stað.

Íslandsbanki veitir viðskiptavinum ekki reglubundið mat á því hvort fjármálagerningar, sem mælt er með við viðskiptavininn, hæfi honum, nema um það sé getið í öðrum samningum eða skilmálum milli bankans og viðskiptavinar.

9. Fyrirtækjaaðgerðir

Fyrirtækjaaðgerðir (e. Corporate Actions) hafa áhrif á fjármálagerning sem er útgefinn af viðkomandi útgefanda og geta leitt til breytinga á fjárhagslegri skipulagningu útgefanda á einn eða annan hátt og þar með haft áhrif á réttindi hluthafa í viðkomandi útgefanda eða handhafa skuldabréfa sem gefin eru út af viðkomandi útgefanda. Algengar aðgerðir eru t.d. greiðsla arðs og jöfnun hlutabréfa. Íslandsbanki sendir ekki að eigin frumkvæði tilkynningar til viðskiptavinar vegna

fyrirtækjaaðgerða s.s. greiðslu arðs og jöfnunar hlutabréfa, sem tengjast fjármálagerningum í eigu viðskiptavinar.

Það er á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með slíkum tilkynningum á viðeigandi upplýsingaveitu og taka ákvarðanir um þátttöku sína í einstökum fyrirtækjaaðgerðum. Viðskiptavinur getur komið óskum sínum vegna þátttöku í viðkomandi fyrirtækjaaðgerð á framfæri við Íslandsbanka sem mun leitast við að annast afgreiðslu hennar fyrir hönd viðskiptavinar þegar því verður við komið.

10. Tilkynningar og yfirlit

10.1. Sending tilkynninga og yfirlita

Viðskiptavinur getur nálgast upplýsingar um eignir og yfirlit yfir hreyfingar á vörslureikningi í netbanka og appi Íslandsbanka. Íslandsbanki birtir viðskiptavini tilkynningu að lokinni framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við gildandi lög og reglur. Tilkynningar eru aðgengilegar í netbanka og appi Íslandsbanka og eru að auki sendar í tölvupósti ef um það er samið.

Íslandsbanki birtir viðskiptavinum sínum yfirlit yfir veitta þjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur, nema um annað sé sérstaklega samið. Íslandsbanki birtir viðskiptavini ársfjórðungslega yfirlit yfir fjármálagerninga viðskiptavinar í vörslu bankans, nema slíkt yfirlit hafi komið fram í annarri reglubundinni upplýsingagjöf. Þá birtir Íslandsbanki árlega yfirlit yfir allan kostnað og gjöld sem viðskiptavinur hefur greitt vegna fjármálagerninga og fjárfestingar- og viðbótarþjónustu. Yfirlit birtast undir rafræn skjöl í netbanka og appi Íslandsbanka.

Bankanum er heimilt að senda tilkynningar og yfirlit til viðskiptavinar með bréfpósti, símtali, tölvupósti eða með öðrum rafrænum hætti á varanlegum miðli. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef eigin netaðgangur kemur ekki tölvupósti til skila eða hindrar aðgang viðskiptavinar að netbanka eða appi, t.d. vegna bilana á tækjabúnaði. Íslandsbanki ber enga ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þess að tilkynningar eða yfirlit milli viðskiptavinar og bankans misfarast, t.d. ef bankinn fær ekki tölvupóst af einhverjum ástæðum, bréfasendingar komast ekki til skila, ef upp koma tæknilegir örðugleikar eða misskilningur vegna ógreinilegra fyrirmæla í síma.

10.2. Móttaka

Tilkynningar og yfirlit til notenda netbanka og apps eru birt í netbanka og appi og teljast komin til viðskiptavinar þegar þau eru aðgengileg þar. Tölvupóstur telst kominn til viðskiptavinar þegar hann hefur verið sendur. Almennur bréfpóstur telst kominn til viðskiptavinar þremur dögum eftir póstlagningu. Viðskiptavinur skal tilkynna Íslandsbanka um leið og breyting verður á heimilisfangi, símanúmeri, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum um viðskiptavin. Hafi tilkynning um breytingu ekki borist Íslandsbanka teljast skilaboð og aðrar tilkynningar réttilega móttækna af viðskiptavini séu þær sendar á skráð heimilisfang hans og/eða uppgefið tölvupóstfang. Lögheimili viðskiptavinar skal skoðast sem skráð heimilisfang í þessum skilningi, nema annað aðsetur hafi verið gefið upp með sannanlegum hætti.

Athugasemdir viðskiptavinar við hverskonar yfirlit og tilkynningar til viðskiptavinar skulu gerðar innan 30 daga, nema annað sé sérstaklega tekið fram, annars telst viðskiptavinur hafa samþykkt viðkomandi yfirlit og tilkynningar.

11. Leiðréttingar

11.1. Skylda viðskiptavinar til að fylgjast með reikningum sínum

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að fylgjast vel með stöðu vörslureikninga og bankareikninga sinna og öllum millifærslum sem þar eru framkvæmdar. Viðskiptavinur er skuldbundinn til að gera Íslandsbanka samstundis viðvart verði hann þess áskynja að mistök hafi átt sér stað.

11.2. Leiðrétting mistaka

Íslandsbanka er heimilt að leiðrétta, án samráðs við viðskiptavin, öll mistök sem varða skráða verðbréfaeign, framkvæmd eða uppgjör viðskipta þ.m.t. færslur á banka- og/eða vörslureikningum sem tengjast viðskiptum. Bankinn skal tilkynna viðskiptavini um leiðréttinguna ef að hún er ekki gerð innan sama sólahrings og mistökin eiga sér stað. Eftir því sem við á skal hvor aðili um sig skuldbundinn til að lagfæra stöðu banka- og/eða vörslureiknings miðað við þá leiðréttingu sem fram hefur farið og endurgreiða og/eða afhenda viðkomandi fjármálagerning/a, innan þriggja sólahringa frá því að leiðrétting hefur farið fram.

12. Kostnaður, þjónustugjöld og skuldfærsluheimild

12.1. Verðskrár

Bankinn áskilur sér rétt til þóknana fyrir veitta þjónustu í samræmi við verðskrár bankans eins og þær eru á hverjum tíma. Bankanum skal vera heimilt að birta viðskiptavinum nýjar upplýsingar um kostnað og gjöld á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is. Þóknun fyrir verðbréfamíðlun, þjónustugjöld, þ.m.t. vörslugjöld, önnur gjöld og kostnaður við framkvæmd viðskipta, fer eftir verðskrá verðbréfaþjónustu á hverjum tíma, nema sérstaklega hafi verið um annað samið. Verðskrár Íslandsbanka má finna á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/is/grein/verdskra. Ef samið er um frekari þjónustu en felst í skilmálum þessum greiðist sérstaklega fyrir hana samkvæmt verðskrár bankans eða sérstökum samningi þar um. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að kynna sér ítarlega verðskrá verðbréfaþjónustu eins og hún er á hverjum tíma.

12.2. Endurgreiðsla kostnaðar

Auk þóknana og gjalda fyrir veitta þjónustu skal viðskiptavinur endurgreiða bankanum allan annan kostnað vegna viðskiptafyrirmæla, auk annarra skatta og opinberra gjalda, sem kunna að verða lögð á viðskipti sem falla undir skilmála þessa, bankanum að skaðlausu. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllum skattgreiðslum og greiðslu opinberra gjalda vegna viðskipta sinna með fjármálagerninga.

Gjöld, þóknarir og annar kostnaður skal greiddur þegar þess er krafist af hálfu bankans og telst sá dagur gjalddagi sé ekki um annað samið. Þóknarir, gjöld og kostnaður skal greiddur án nokkurra skilyrða, án skuldajöfnunar af hálfu viðskiptavinar, án gagnkröfu eða frádráttar af neinu tagi.

12.3. Við uppgjör

Við uppgjör á sölu fjármálagerninga skulu áfallin gjöld, kostnaður og þóknarir dragast frá greiðslu nema um annað sé sérstaklega samið, með sannanlegum hætti, milli viðskiptavinar og bankans. Á sama hátt skulu áfallin gjöld, kostnaður og þóknarir leggjast ofan á greiðslu þegar um kaup viðskiptavinar á fjármálagerningum er að ræða.

12.4. Skuldfærsluheimild

Viðskiptavinur heimilar Íslandsbanka að skuldfæra bankareikning sinn fyrir þeim þóknunum, þjónustugjöldum og öðrum útlögðum kostnaði við framkvæmd viðskipta sem innheimt eru á hverjum tíma. Viðskiptavinur skal gæta þess að ávallt sé nægileg innstæða á bankareikningi hans. Skuldfærsla kann að fara fram án undangenginnar tilkynningar.

12.5. Skuldfærsla vegna vanskila

Sé krafa vegna viðskipta ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, er bankanum heimilt að skuldfæra bankareikning viðskiptavinar hjá bankanum og gera þannig kröfuna upp, hvort sem um er að ræða greiðslu peninga eða afhendingu fjármálagernings, óháð því í hvaða gjaldmiðli krafan er. Gjalddagi ákvarðast ýmist samkvæmt samningi eða uppgjörsvenju.

12.6. Dráttarvextir og vanefndarálag

Dráttarvextir og/eða vanefndarálag leggst á óuppgerð viðskipti, ógreiddar þóknarir, kostnað og gjöld eftir gjalddaga, allt í samræmi við gildandi lög, reglur og verðskrár bankans á hverjum tíma.

13. Vextir

13.1. Vextir

Vextir á inn- og útlánum taka breytingum í samræmi við vaxtaákvörðun Íslandsbanka á hverjum tíma nema um annað sé sérstaklega samið. Vextir af fjármálagerningum eru greiddir í mynt viðkomandi fjármálagernings.

14. Varúðarskylda viðskiptavinar

14.1. Ábyrgð og áhætta

Íslandsbanki hf. ábyrgist ekki þá áhættu sem viðskiptavinur stendur frammi fyrir vegna viðskipta hans með fjármálagerninga, heldur ber hann einn ábyrgð á ákvörðunum sínum. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að hvers konar viðskipti með fjármálagerninga eru mjög áhættusöm og að ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

14.2. Breytingar á markaðsaðstæðum

Fjárfestingarráðgjöf og upplýsingar um fjármálamarkaðinn geta breyst fyrirvaralaust vegna breyttra markaðsaðstæðna. Hið sama gildir um allar upplýsingar um fjármálamarkaði sem birtar eru á vefsvæðum í umsjá Íslandsbanka.

14.3. Skylda til að kynna sér reglur á viðeigandi viðskiptastöðum

Vegna viðskipta með fjármálagerninga fyrir milligöngu Íslandsbanka, með hvaða hætti sem er, skuldbindur viðskiptavinur sig til að kynna sér þær reglur sem gilda almennt um viðskipti með slíka fjármálagerninga og eins reglur á þeim viðskiptastöðum sem hann mun eiga viðskipti á.

14.4. Ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum

Viðskiptavinur ber einn ábyrgð á þeim fjárfestingarákvörðunum sem hann tekur. Viðskiptavinur þarf að gera ráð fyrir ýmsum áhættuþáttum sem munu geta haft áhrif á ákvörðun hans, m.a. vaxtaáhættu, gengisáhættu, verðbólguáhættu, endursöluáhættu, tapsáhættu og vanskilaáhættu. Viðskiptavininn ber því að afla sér ráðgjafarsérfræðinga, hafi hann takmarkaða þekkingu á fjárfestingum af þessum toga, s.s. um fjárfestingarkosti, áhættu, skattamál og annað sem snertir fjárfestingar hans. Íslandsbanki skorar jafnframt á viðskiptavin að leita sér ráðgjafar um leiðir til að takmarka áhættu og haga fjárfestingum sínum í samræmi við fjárhagsstöðu. Upplýsingar um helstu áhættuþætti sem fylgja fjárfestingum í fjármálagerningum er að finna á www.islandsbanki.is/fjarfestavernd.

14.5. Gjaldeyrisviðskipti

Viðskiptavininn er ljóst að lög nr. 87/1992 um gjaldeyrisfélur kunna að takmarka heimildir hans til að eiga viðskipti með fjármálagerninga og skuldbindur hann sig til að kynna sér gildandi lög og reglur um gjaldeyrisviðskipti, á hverjum tíma, áður en hann á viðskipti með fjármálagerninga fyrir milligöngu Íslandsbanka með hvaða hætti sem er.

15. Breytingar á skilmálum þessum

15.1. Breytingar

Íslandsbanki áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Með breytingu er átt við breytingu á einstökum ákvæðum, viðbót eða endurnýjun skilmálanna þannig að þeir skilmálar taki við af eldri.

15.2. Tilkynningar um breytingar og gildistaka

Breytingar verða tilkynntar með almennri tilkynningu til viðskiptavina á heimasíðu bankans á vefslóðinni www.islandsbanki.is/fjarfestavernd. Sé um veigamiklar breytingar að ræða fyrir viðskiptavin mun honum tilkynnt um þær breytingar með rafrænum hætti, ss. með tölvupósti eða með tilkynningu í netbanka eða appi.

Ákveði Íslandsbanki að breyta skilmálum þessum er viðskiptavinur bundinn af þeim breytingum og telst hafa samþykkt þær, nema hann tilkynni Íslandsbanka um uppsögn á viðskiptum með fjármálagerninga með sannanlegum hætti innan 14 daga frá tilkynningu bankans um breytta skilmála. Hafi Íslandsbanka ekki borist tilkynning um uppsögn innan þess tíma taka hinir nýju skilmálar gildi um öll viðskipti með fjármálagerninga sem viðskiptavinur framkvæmir síðar.

15.3. Staðlaðir skilmálar

Skilmálar þessir eru staðlaðir og er ekki vikið frá þeim vegna einstakra viðskiptavina. Hvers konar áritanir, viðbætur eða aðrar breytingar, sem viðskiptavinur kann að gera á skilmálum þessum hafa ekkert gildi gagnvart Íslandsbanka.

16. Uppsögn, vanefndir og fleira

16.1. Uppsögn

Samningar á grundvelli þessara skilmála eru uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila á hverjum tíma, nema um annað sé sérstaklega samið. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 14 dagar og telst frá þeim degi sem uppsögn berst gagnaðila með sannanlegum hætti. Sé samningi sagt upp gjaldfalla allar skuldir og gjöld viðskiptavinar við Íslandsbanka vegna viðskipta þeirra á milli á grundvelli skilmála þessara. Íslandsbanki getur einnig sagt samningi upp án fyrirvara vegna endurskipulagningar viðskiptavinar, skiptingar, samruna, gjaldþrots eða yfirvofandi gjaldþrots sé um lögaðila að ræða, eða vegna andláts ef viðskiptavinur er einstaklingur. Uppsögn samninga skal gerð með sannanlegum hætti. Uppgjör skal fara fram að öllu leyti við lok uppsagnarfrests. Bankinn ráðstafar fjármálagerningum og fjármunum viðskiptavinar í samræmi við óskir viðskiptavinar sem skulu settar fram með sannanlegum hætti. Berist bankanum ekki slíkar óskir mun bankinn annast vörslu fjármuna og fjármálagerninga í samræmi við skilmála þessa á þeim kjörum sem greinir í gildandi verðskrá bankans á hverjum tíma.

16.2. Vanefndir

Íslandsbanka hf. er heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust og án tilkynningar ef viðskiptavinur vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum sem tengjast viðskiptum hans við Íslandsbanka. Veruleg vanefnd telst m.a. (i) ef viðskiptavinur bætir ekki úr vanefndum sem ekki teljast verulegar að mati bankans innan 3 daga, (ii) ef viðskiptavinur er í vanskilum við bankann, hvort sem þau vanskil tengjast skilmálum þessum eða öðrum viðskiptum, og ekki er úr þeim bætt innan 3 daga, (iii) ef viðskiptavinur leggur ekki fram tryggingar/viðbótartryggingar innan tilskilins frests. Í öðrum tilvikum skal bankinn fyrirfram gera viðskiptavini viðvart um vanefnd og fyrirhugaðar aðgerðir. Leiti viðskiptavinur nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða annarra sambærilegra réttarárræða, er Íslandsbanka jafnframt heimilt að afturkalla fyrirvaralaust og án tilkynningar heimild viðskiptavinar til að eiga viðskipti. Hið sama gildir ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum, beðið er um uppboð á eignum hans, krafist er gjaldþrotaskipta á búi hans eða aðrar sambærilegar aðstæður koma upp sem að mati Íslandsbanka hf. gefa til kynna slæma fjárhagsstöðu viðskiptavinar.

16.3. Haldsréttur

Íslandsbanki hf. hefur haldsrétt í þeim fjármálagerningum sem eru á vörslureikningi viðskiptavinar fyrir greiðslum sem hann kann að eiga rétt á frá viðskiptavini vegna viðskipta með fjármálagerninga og eru gjaldfallnar. Íslandsbanka er heimilt að selja einstaka eða alla fjármálagerninga, allt eftir vali bankans, sem eru á vörslureikningi viðskiptavinar vegna slíkra vanskila á viðskiptastað og ráðstafa söluandvirðinu til greiðslu þóknana og annars kostnaðar. Ennfremur er bankanum heimilt að krefjast nauðungarsölu á fjármálagerningum á vörslureikningi viðskiptavinar á grundvelli 6. töluliðs 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

17. Ábyrgð

17.1. Ábyrgð vegna viðskipta með fjármálagerninga

Ábyrgð Íslandsbanka vegna miðlunar og viðskipta með fjármálagerninga fer eftir lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Íslandsbanki ábyrgist þannig tjón sem rekja má til saknæmrar háttsemi starfsmanna við framkvæmd starfa sinna. Íslandsbanki ber hins vegar ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til athafna eða athafnaleysis annarra en starfsmanna Íslandsbanka, eða ef tjón verður vegna utanaðkomandi atburðar án þess að starfsmenn Íslandsbanka hafi átt þar hlut að máli, s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri Reiknistofu bankanna (RB) eða annarra kerfisþjónustuaðila bankans. Íslandsbanki ber í engum tilvikum ábyrgð á óbeinu tjóni.

17.2. Reikningsstofnun

Um ábyrgð Íslandsbanka, sem reikningsstofnunar, fer eftir VII. kafla laga nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

17.3. Takmörkun

Íslandsbanki skal í engu tilfalli teljast ábyrgur fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Íslandsbanka. Gildir einu þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum á búnaði Íslandsbanka en þegar þess er kostur skal Íslandsbanki tilkynna viðskiptavini um slíkar truflanir með fyrirvara.

17.4. Utanaðkomandi atvik

Íslandsbanki ber ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun viðskiptavinar eða annars aðila á skilmálum netbanka eða apps Íslandsbanka. Á sama hátt undanskilur Íslandsbanki sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum viðskiptavinar eða annars aðila. Íslandsbanki ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.fl., ennfremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem teljast falla undir óviðráðanleg tilvik (Force Majeure).

17.5. Samningar við þriðja aðila

Viðskiptavinur er bundinn að öllu leyti við þá skilmála sem Íslandsbanki semur um við þriðja aðila, vegna viðskipta með fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar á erlendum vettvangi um ábyrgð og ábyrgðartakmörkun, framkvæmd miðlunar, erlendar lagareglur o.s.frv. Íslandsbanki ábyrgist ekki réttar efndir slíkra samninga af hálfu gagnaðila. Skiptir engu máli í þessu sambandi hvort samningur hefur verið gerður í nafni Íslandsbanka eingöngu, eða fyrir hönd viðskiptavinar. Viðskiptavinur hefur ávallt heimild að kynna sér efni samninga sem gerðir eru fyrir hans hönd sérstaklega.

18. Trúnaður og meðferð persónuupplýsinga

18.1. Trúnaðarmál

Öll viðskipti sem eiga sér stað á grundvelli samnings sem byggir á skilmálum þessum eru trúnaðarmál. Bankanum ber að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptavini um allt er varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptavinar, nema til komi skýr lagaskylda.

18.2. Meðferð og vinnsla persónuupplýsinga

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um meðferð persónuupplýsinga hjá bankanum. Nánari upplýsingar um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka má finna hér: www.islandsbanki.is/personuvernd.

18.3. Tiltekin viðskipti gerð opinber

Viðskiptavinur samþykkir að bankanum sé heimilt að gera upplýsingar um tiltekin viðskipti, eða eftir atvikum tilboð um viðskipti, með fjármálagerninga opinber í samræmi við kröfur laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Viðskiptavinur samþykkir að bankanum sé heimilt að miðla upplýsingum um viðskiptavin og viðskipti vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

19. Ágreiningur og málskotsréttur

19.1. Ágreiningur og málskotsréttur

Komi upp ágreiningur milli viðskiptavinar og bankans um framkvæmd samnings þessa eða einstaka þætti í framkvæmd hans getur viðskiptavinur sent bankanum kvörtun. Með kvartanir verður farið samkvæmt reglum Íslandsbanka um meðferð kvartana. Viðskiptavinur getur jafnframt skotið ágreiningi til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefndin er í umsjón Fjármálaeftirlitsins en nálgast má málskotskýðublöð hjá bankanum eða á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Einnig er vakin athygli á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

20. Önnur ákvæði

20.1. Varnarping

Dómsmál milli viðskiptavinar og Íslandsbanka út af skilmálum þessum, ágreiningi, brotum á skilmálum eða samningum byggðum á þeim, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Mál vegna erlendra viðskipta viðskiptavinar með erlenda fjármálagerninga skulu rekin fyrir þeim dómstóli sem samið hefur verið um í viðkomandi samningi eða samkvæmt alþjóðlegum lagaskilareglum.

20.2. Lagaskil

Íslensk lög skulu gilda um skilmála þessa, viðskipti og samskipti viðskiptavinar og Íslandsbanka. Um erlend viðskipti viðskiptavinar sem Íslandsbanki hefur milligöngu um gilda lög þess ríkis þar sem viðskiptin fóru fram (þar sem fjármálagerningur er skráður) nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Í þessu skjali er að finna yfirlit yfir helstu tegundir fjármálagerninga og megináhættuþætti sem felast í fjárfestingum í þeim. Ekki er um tæmandi talningu að ræða og geta aðrir þættir en hér eru upp taldir haft áhrif á verðmæti viðkomandi fjármálagernings.

Fjármálagerningar fela í sér mismunandi áhættu. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu er mikilvægt að kynna sér eðli viðkomandi fjármálagernings og þá áhættu sem í honum felst. Það er mikilvægt að fjárfestir eigi ekki viðskipti með fjármálagerninga nema hann geri sér fulla grein fyrir þeirri áhættu sem felst í slíkum viðskiptum og hafi fjárhagslegan styrk og nægilega reynslu til að taka ákvörðun um slíkar fjárfestingar.

Þegar lagt er mat á hvort fjármálagerningur henti fjárfesti verður að hafa eftirfarandi í huga:

- Fjárfestir verður að hafa til að bera fullnægjandi þekkingu og reynslu til að leggja mat á viðkomandi fjármálagerning.
- Fjárfestir verður að átta sig á þeim áhættuþáttum sem felast í fjárfestingu í viðkomandi fjármálagerningi og hvaða áhrif fjárfestingin getur haft á eignastöðu og fjárhagslegan styrk fjárfestis.
- Fjárfestir verður að kynna sér og skilja þá skilmála sem gilda um viðkomandi fjármálagerning og þá markaði þar sem viðskipti með hann fara fram.
- Fjárfestir verður að geta metið (annaðhvort á eigin vegum eða með hjálp ráðgjafa) áhrif utanaðkomandi þátta s.s. hagsveiflna og breytinga á vaxtastigi sem geta haft áhrif á fjárfestingu í viðkomandi fjármálagerningi.

Almennir áhættuþættir

Fjárfestingu í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eftirtaldir áhættuþættir eiga við flestar tegundir fjármálagerninga:

- Markaðsáhætta:** Sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga.
- Vaxtaáhætta:** Sú áhætta að breytingar á vöxtum hafi óhagstæð áhrif á virði fjármálagernings.
- Gjaldeyrisáhætta:** Gengi gjaldmiðla sveiflast og fjármálagerningar sem skráðir eru í erlendri mynt bera því með sér gjaldeyrisáhættu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki.
- Seljanleikaáhætta:** Sú áhætta að fjárfestir geti ekki auðveldlega selt eða keypt ákveðinn fjármálagerning á tilteknum tímamarki eða geti einungis gert það á kjörum sem eru umtalsvert lakari en gengur og gerist á virkum markaði á hverjum tíma. Þetta getur stafað af ýmsum þáttum, svo sem óvirkum markaði með tiltekinn fjármálagerning, stærð samnings og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á framboð og eftirspurn og hegðun markaðsaðila.
- Efnahagsleg áhætta:** Hagsveiflur hafa oft áhrif á verð fjármálagerninga. Sveiflurnar eru mismunandi, geta verið mislangar og mismiklar, og áhrifa þeirra gætir með mismunandi hætti á ólíkar atvinnugreinar. Við ákvörðun um fjárfestingu þarf að gæta vel að áhrifum almennra hagsveiflna, m.a. milli landa og ólíkra hagkerfa, á virði fjármálagerninga.
- Landsbundin áhætta:** Landsbundin áhætta felur m.a. í sér stjórnmalalega áhættu, gjaldeyrisáhættu, efnahagslega áhættu og áhættu vegna fjármagnsflutninga. Átt er við þá efnahagslegu þætti sem gætu haft umtalsverð áhrif á viðskiptaumhverfið í því landi sem fjármálagerningurinn er skráður í.
- Lagaleg áhætta:** Sú áhætta að stjórnvöld geri breytingar á núgildandi lögum eða reglugerðum sem hefðu neikvæð áhrif á fjármálagerninga, sem dæmi má nefna breytingar á skattalögum eða heimildum til fjármagnsflutninga á milli landa.
- Verðbólguáhætta:** Þegar fjárfestar meta ávöxtun af tilteknum fjármálagerningi er nauðsynlegt að gera það með hliðsjón af verðbólgu og verðbólguhorfum til að áætla vænta raunávöxtun af fjárfestingu og raunvirði núverandi eignar.
- Mótaðilaáhætta:** Hættan á því að mótaðili fjármálagernings muni ekki standa við samningsbundnar skuldbindingar sínar að fullu.
- Uppgjörsáhætta:** Hættan á því að mótaðili fjármálagernings muni ekki standa við samningsbundnar skuldbindingar sínar á uppgjörstigi. Uppgjörstap getur átt sér stað vegna vanefnda og vegna mismunandi tímasetningar uppgjörs milli tveggja aðila.
- Áhætta tengd sjálfbærni:** atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar

Reglur Íslandsbanka hf.

um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Inngangur

Reglur þessar eru settar á grundvelli 6. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga ber Íslandsbanka hf. (hér eftir „bankinn“) við framkvæmd viðskiptafyrirmæla að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til þeirra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga skal fjármálafyrirtæki gera ráðstafanir sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina.

Reglurnar skulu ekki túlkaðar á þann hátt að í þeim felist skyldur umfram það sem krafist er samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Skilgreiningar á helstu hugtökum sem notuð eru í reglum þessum má finna í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

1. Gildissvið

Reglur þessar gilda um viðskipti almennra fjárfesta og fagfjárfesta. Reglurnar gilda ekki um viðskipti viðurkenndra gagnaðila. Reglur þessar gilda hvort sem fyrirmæli eru gefin af viðskiptavinum sjálfum eða samkvæmt umboði hans, og gilda óháð flokkun umboðsmanns.

Reglur þessar gilda eingöngu um viðskipti með fjármálagerninga, sbr. 16. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, og gilda þegar bankinn veitir eftirtalda þjónustu:

- i. Þegar bankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar.
- ii. Þegar bankinn móttækur og miðlar viðskiptafyrirmælum fyrir hönd viðskiptavina til annarra.
- iii. Þegar bankinn annast eignastýringu og beinir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eignastýringarinnar til annarra aðila.

Reglur þessar eiga ekki við þegar bankinn er ekki að framkvæma eða miðla viðskiptafyrirmælum fyrir hönd viðskiptavina, til dæmis þegar Íslandsbanki birtir eða gefur upp tilboð um kaup eða sölu fjármálagerninga og viðskiptavinurinn á viðskipti við bankann á grundvelli þess tilboðs.

2. Um bestu framkvæmd

Besta framkvæmd felur í sér að bankinn skuli hverju sinni leita allra leiða við framkvæmd viðskiptafyrirmæla til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til viðskiptafyrirmæla annarra viðskiptavina, viðskiptahagsmuna bankans og þeirra þátta sem skipta máli, sbr. grein 3.1.

Bankinn mun, að fenginni beiðni viðskiptavinar, sýna fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við þessar reglur. Við mat á því hvort bankinn hafi uppfyllt skyldu sína með tilliti til bestu framkvæmdar skal meðal annars líta til aðstæðna á þeim tíma þegar viðskiptafyrirmæli berast, þá tegund fjármálagerninga sem fyrirmælin tengjast og hvaða kröfur eðlilegt er að gera til bankans við framkvæmd viðskiptafyrirmælanna. Ekki skal horft til einstakra viðskipta heldur skal leggja heildarmat á viðskipti með viðkomandi fjármálagerning á ákveðnu tímabili.

3. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

3.1. Þættir og viðmið varðandi framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla leitar bankinn allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til eftirfarandi þátta; verðs, kostnaðar, hraða, líkur á því að viðskiptin nái fram að ganga, uppgjöri, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Þegar um ræðir framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd almenns fjárfestis skal ákvarða bestu mögulegu niðurstöðu út frá heildargreiðslu, þ.e. verð fjármálagernings auk kostnaðar vegna framkvæmdar, þ.m.t. þóknunar.

Heildarmat á framangreindum þáttum mun ráða hvaða viðskiptastaður verður fyrir valinu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Verð og kostnaður eru að öllu jöfnu mikilvægustu þættirnir sem litið er til varðandi einstök viðskipti. Aðrir þættir kunna jafnframt að hafa áhrif, til dæmis vegna umfangs eða tegundar fjármálagernings og áhrif þeirra þátta á annaðhvort markaðsverð fjármálagerningsins eða viðskiptastaðinn þar sem hægt er að framkvæma viðskiptin.

Íslandsbanki metur hlutfallslegt mikilvægi hvers ofangreinds þáttar út frá eftirfarandi viðmiðum:

- i. Einkenna viðskiptavinar, þ.m.t. hvort hann sé flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir.
- ii. Hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinar eru, þ.m.t. hvort gefin eru skilyrt fyrirmæli.
- iii. Einkenna fjármálagerninga sem fyrirmæli varða.
- iv. Einkenna þeirra viðskiptastaða sem bankinn getur beint fyrirmælum til.

Þegar viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd eða ákvörðun tekin um að eiga viðskipti utan viðskiptavettvangs skal kanna, þegar hægt er, sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavinum með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð sambærilegra gerninga.

Bankinn hefur heimild til þess að neita að framkvæma viðskiptafyrirmæli sé grunur um markaðssvik.

3.2. Viðskiptastaðir

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla getur bankinn notað eftirtaldir tegundir viðskiptastaða: skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga (MTF), skipulega viðskiptavettvanga (OTF), innmiðlara, miðlara, eigin reikning Íslandsbanka, aðra aðila sem leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga og aðila utan Evrópska efnahagsvæðisins sem gegna sambærilegu hlutverki og einhver hinna framangreindu gegnir.

Í 6. gr. má finna skrá yfir þá viðskiptastaði sem bankinn reidir sig einkum á til að uppfylla skuldbindingar sínar um að leita allra leiða til að ná með samræmdum hætti besta mögulega árangri í framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Bankinn mun hverju sinni leitast við að velja þá tegund framangreindra viðskiptastaða sem eru líklegastir til að tryggja bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini að teknu tilliti til þeirra þátta sem nefndir eru í grein 3.1.

Í þeim tilvikum þar sem fleiri en einn viðskiptastaður er í samkeppni um að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar mun bankinn, í því skyni að tryggja bestu framkvæmd, taka tillit til þóknunar bankans sjálfs og kostnaðar vegna framkvæmdar fyrirmælanna á sérhverjum viðskiptastað sem tilgreindir eru í 6. gr. til að meta og bera saman þann árangur sem líklegt er að unnt væri að ná fyrir viðskiptavininn. Bankanum er óheimilt að taka við endurgjaldi, afslætti eða ófjárhagslegum ávinningi fyrir að beina fyrirmælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptastaðar þar sem það væri andstætt kröfum í reglum bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum.

Bankanum er skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrir fram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Með því að samþykkja reglur þessar staðfestir viðskiptavinur að hann hafi verið upplýstur um framangreint og að bankanum sé heimilt að framkvæma viðskipti utan viðskiptavettvangs, í undantekningartilvikum, telji bankinn það nauðsynlegt til að viðskipti nái fram að ganga.

3.3. Skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar

Gefi viðskiptavinur bankans skilyrt fyrirmæli (limit order) varðandi framkvæmd viðskipta mun bankinn fylgja fyrirmælunum að svo miklu leyti sem hægt er og framkvæma viðskiptin í samræmi við þau. Athygli er vakin á því að hvers kyns skilyrt fyrirmæli frá viðskiptavini kunna að hindra bankann í að ná fram bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla, sbr. reglur þessar. Reglurnar gilda hins vegar um þá þætti viðskiptafyrirmæla sem skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar taka ekki til.

3.4. Móttaka og miðun viðskiptafyrirmæla

Mæli viðskiptavinur ekki fyrir um annað og sé það til hagsbóta fyrir viðskiptavin, er bankanum heimilt að leita til þriðja aðila vegna framkvæmdar viðskiptafyrirmæla. Í slíkum tilvikum skal gæta þess að miðlun fyrirmælanna þjóni hagsmunum viðskiptavinar og litið sé til þeirra þátta og viðmiða sem kveðið er á um í grein 3.1.

4. Meðferð viðskiptafyrirmæla

4.1. Meginreglur um meðferð viðskiptafyrirmæla

Bankinn skal grípa til eftirfarandi aðgerða þegar hann sinnir viðskiptafyrirmælum:

- a) Tryggja að viðskiptafyrirmæli sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavina séu tafarlaust og nákvæmlega skráð og beint í réttan farveg.
- b) Sinna viðskiptafyrirmælum, sem eru sambærileg að öðru leyti, í þeirri röð sem þau berast og án tafar nema það sé ógerlegt
 - i. vegna eðlis viðskiptafyrirmæla,
 - ii. vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða
 - iii. vegna þess að hagsmunir viðskiptavinar krefjast þess.
- c) Tilkynna almennum fjárfesti um leið og hvers kyns veruleg vandkvæði koma í ljós sem varða tilhlýðilega framkvæmd fyrirmæla.

Beri bankinn ábyrgð á því að hafa umsjón með eða koma í kring uppgjöri eftir framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal hann gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningar eða fjármunir viðskiptavinar, sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þessara viðskiptafyrirmæla, sé komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi viðskiptavinar.

Bankinn skal gæta fyllstu varúðar vegna upplýsinga sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar og gera eðlilegar ráðstafanir til að hindra misnotkun slíkra upplýsinga.

4.2. Röð framkvæmdar fyrirmæla

Almennt framkvæmir bankinn sambærileg viðskiptafyrirmæli í þeirri röð sem þau berast. Undantekningar geta átt sér stað þegar hagsmunir viðskiptavinar krefjast þess. Slíkir hagsmunir geta verið fyrir hendi, t.d. þegar um stór og/eða umfangsmikil viðskipti er að ræða.

Ómögulegt getur verið að framkvæma viðskiptafyrirmæli í tímaröð ef skilyrði þeirra eru ólík t.d. ef þau eru skilyrt. Þá getur stærð fyrirmæla greint á milli þeirra, einkum þegar um er að ræða stór eða umfangsmikil viðskipti. Það sama getur átt við ef viðskiptafyrirmæli berast bankanum með ólíku móti, t.d. í gegnum útibú, miðlara eða með rafrænum hætti.

4.3. Samsafn viðskiptafyrirmæla

Við ákveðnar markaðsaðstæður getur bankinn sameinað viðskiptafyrirmæli viðskiptavina í þeim tilgangi að þjóna hagsmunum viðskiptavina. Að sama skapi getur bankinn sameinað viðskiptafyrirmæli viðskiptavina og viðskipti fyrir eigin reikning bankans. Viðskiptafyrirmæli skulu ekki sameinuð nema ólíklegt verði að teljast að samsafn fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð einhverjum viðskiptavini.

Við sérstakar aðstæður er þó mögulegt að samsafn fyrirmæla feli í sér óhagræði fyrir viðskiptavinum, svo sem þegar stærð viðskiptapöntunar hefur áhrif á markaðsverð viðkomandi fjármálagernings. Skýra skal fyrir sérhverjum viðskiptavinum, sem á fyrirmæli sem setja á í safnið, að áhrif samsafnsins geti reynst óhagstæð að því er varðar tiltekin fyrirmæli.

4.4. Úthlutun samsafnaðra viðskiptafyrirmæla

Þegar samsöfnuð fyrirmæli hafa verið framkvæmd er meginreglan sú að viðskiptum sé úthlutað þannig að viðskiptavinir fái úthlutað hlutfallslega í samræmi við viðskiptafyrirmæli sín og á því meðalverði sem náðist við framkvæmd fyrirmælanna. Sama gildir í þeim tilvikum þar sem aðeins næst að framkvæma samsöfnuð fyrirmæli að hluta. Bankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli í samræmi við grein 3 og leitar allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til viðeigandi þátta.

4.5. Úthlutun samsafnaðra viðskiptafyrirmæla fyrir eigin reikning bankans og fyrir reikning viðskiptavina

Hafi bankinn safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning og lagt við ein eða fleiri fyrirmæli viðskiptavina eða viðskiptavinar, skal viðskiptunum úthlutað þannig að það komi ekki niður á hagsmunum viðkomandi viðskiptavinar.

Hafi bankinn bætt viðskiptafyrirmælum við viðskipti fyrir eigin reikning og samsöfnuðu viðskiptafyrirmælin eru framkvæmd að hluta, skal viðskiptavinurinn njóta forgangs við úthlutun viðskiptanna. Geti bankinn hins vegar sýnt fram á, með skynsamlegum hætti, að ef ekki hefði verið fyrir samsöfnun viðskiptafyrirmælanna hefði honum ekki verið unnt að sinna þeim með svo hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, getur bankinn úthlutað viðskiptunum hlutfallslega í samræmi við viðskiptafyrirmæli allra hlutaðeigandi aðila og á því meðalverði sem náðist við framkvæmd þeirra.

5. Eftirlit og endurskoðun

Bankinn mun endurskoða reglur þessar árlega og jafnframt í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu fyrirtækisins til að ná besta hugsanlega árangri við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Bankinn mun hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni reglna þessara til að geta greint vankanta og gert endurbætur ef tilefni þykir til.

Bankinn mun reglulega meta hvort veruleg breyting hafi orðið hjá þeim viðskiptastöðum sem reglurnar gera ráð fyrir að notaðir verði til að framkvæma fyrirmæli, og hvort sú breyting leiði til hagstæðustu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum. Bankinn endurmetur jafnframt reglulega val sitt á þeim þriðju aðilum sem notaðir eru við framkvæmd eða miðlun viðskiptafyrirmæla.

Ef reglum þessum er breytt er uppfærð útgáfa þeirra birt á vefslóðinni www.islandsbanki.is/fjarfestavernd og gilda frá þeim degi sem þær eru birtar.

6. Skrá yfir viðskiptastaði og þriðju aðila

Yfirlit yfir þá markaði og þriðju aðila sem Íslandsbanki reiðir sig einkum á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla:

Viðskiptastaður	Tegund	Hlutabréf	Skuldabréf/víxlar
Nasdaq Iceland	SVM	x	x
Nasdaq Stockholm	SVM	x	
Nasdaq Copenhagen	SVM	x	
First North Iceland	MTF	x	
Linear Investments Limited, London	M	x	
Deutsche Bank, London	MTF		x
UBS, London	MTF		x
Commerzbank, London	MTF		x
Goldman Sachs	MTF		x
BAML	MTF		x
Danske Bank, Kaupmannahöfn	M/MTF	x (M)	x (MTF)
Jyske Bank	MTF	x	x
PGM global	M	x	

SVM = Skipulegur verðbréfamarkaður

MTF = Markaðstorg fjármálagerninga

M = Miðlari/miðlun

A = Aðrir aðilar sem leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga

Bankanum er heimilt í undantekningartilfellum, sé það viðskiptavininum til hagsbóta og leiði til bestu mögulegu niðurstöðu, að notast við annan viðskiptastað en tilgreindur er á listanum.

Bankinn mun árlega útbúa og birta á heimasíðu sinni, www.islandsbanki.is/fjarfestavernd, yfirlit yfir fimm helstu viðskiptastaði með tilliti til umfangs viðskipta síðastliðið ár og upplýsingar um gæði framkvæmdar.

Áhætta einstakra fjármálagerninga

1. Hlutabréf

Hlutabréf eru gefin út til hluthafa sem staðfesting fyrir þeim hlut sem hann á í hlutafélaginu. Hlutabréf geta verið gefin út á pappír eða með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð. Hluthafi nýtur þeirra réttinda sem lög og samþykktir hlutafélagsins kveða á um.

Fjárfesting í hlutabréfum getur falið í sér eftirfarandi áhættu:

- Fyrirtækjaáhætta:** Með kaupum á hlutabréfum leggur fjárfestir fram fé til hlutafélagsins og verður í staðinn eigandi í hlutafélaginu ásamt öðrum hluthöfum. Hluthafi tekur því, sem eigandi, þátt í þróun félagsins og þeim breytingum sem verða á eignum og skuldum þess. Það getur verið erfitt að áætla þá ávöxtun sem hluthafi getur vænst af fjárfestingu sinni. Við gjaldþrot getur hluthafi tapað öllu því fé sem hann lagði fram í upphafi þar sem hluthafar njóta ekki forgangs þegar kemur að lýstum kröfum í þrotabúið.
- Verðáhætta:** Verð hlutabréfa getur hækkað og/eða lækkað án þess að hægt sé að sjá slíkar sveiflur fyrir eða hversu lengi þær geta varað. Greina verður verðáhættu frá fyrirtækjaáhættu en þessir þættir, saman eða sitt í hvoru lagi, hafa áhrif á verð hlutabréfa með tilheyrandi áhættu fyrir fjárfesta.
- Arðgreiðsluáhætta:** Það hvort og þá hversu mikið fjárfestar fá greitt í arð af hlutabréfaeign sinni ræðst af hagnaði hlutafélagsins og arðgreiðslustefnu þess. Taprekstur hlutafélags getur leitt til þess að væntar arðgreiðslur hluthafa falla niður.

2. Skuldabréf

Skuldabréf er skuldaviðurkenning þar sem útgefandi bréfsins skuldbindur sig til þess að greiða eiganda bréfsins tiltekna fjárhæð á ákveðnum tíma með þeim kjörum sem bréfið tilgreinir. Útgefendur skuldabréfa á markaði eru jafnan opinberir aðilar og fyrirtæki. Skilmálar skuldabréfa eru ávallt ákveðnir fyrirfram, s.s. vextir og endurgreiðsla skuldarinnar. Vextir geta verið fastir eða breytilegir. Skuldabréf geta auk þess verið verðtryggð og tekur þá höfuðstóll skuldarinnar breytingum í samræmi við gildi tiltekinnar verðvísitölu, t.d. vísitölu neysluverðs. Höfuðstóll skuldarinnar er annaðhvort greiddur í einni greiðslu á lokagjaldþega eða á fyrirfram ákveðnum gjalddögum. Kaupandi skuldabréfs (kröfuhafi) á kröfu á hendur útgefanda (skuldara) um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Fjárfesting í skuldabréfum getur falið í sér eftirfarandi áhættu:

- Útgefandaáhætta:** Útgefandi skuldabréfa getur orðið tímabundið eða varanlega ófær um að greiða skuldbindingar sínar. Þróun efnahags- og rekstrarumhverfis í þeirri atvinnugrein og þeim löndum sem útgefandi er með starfsemi í getur haft áhrif á greiðslugetu hans. Á sama hátt getur lánshæfismat útgefanda tekið breytingum vegna jákvæðrar eða neikvæðrar þróunar í starfsemi útgefanda og þar með haft áhrif á markaðsverð viðkomandi skuldabréfa. Venjulega eru tengsl milli þeirra vaxta sem skuldabréf útgefanda bera og lánshæfismats hans. Eftir því sem lánshæfismat útgefanda er lægra, þeim mun hærri vexti er líklegt að skuldabréfið beri.
- Vaxtaáhætta:** Sú markaðsáhætta sem hvað mest áhrif hefur á verð skuldabréfa eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Hækki almenn vaxtakjör þá leiðir það til lækkunar á markaðsverði bréfsins og öfugt ef vextir lækka. Áhrif vaxtabreytinga á verð skuldabréfa eru meiri eftir því sem líftími bréfanna er lengri.
- Innköllumaráhætta:** Skilmálar skuldabréfs geta falið í sér heimild fyrir útgefanda til að innkalla bréfin fyrir lokagjaldþega. Slík innköllun getur haft áhrif á ávöxtun kaupanda skuldabréfsins ef t.d. vextir á almennum markaði hafa lækkað.
- Áhætta tengd ólíkum tegundum skuldabréfa:** Önnur áhætta en að ofan hefur verið greint frá getur falist í fjárfestingum í ólíkum tegundum skuldabréfa. Fjárfestum er því ráðlagt að kynna sér skilmála hvernar skuldabréfaútgáfu fyrir sig eins og hún kemur fram í skráningarlýsingu skuldabréfaflokksins og að taka ekki ákvörðun um fjárfestingu fyrr en lagt hefur verið mat á alla áhættuþætti sem tengjast viðkomandi skuldabréfi.

3. Sjóðir

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Munurinn á slíkum sjóðum liggur helst í fjárfestingarheimildum þeirra. Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta eru ávallt innlausnarskyldir og því geta hlutdeildarskírteinishafar óskað eftir innlausn á eignahlut sínum þegar þeim hentar. Rekstrarfélög geta einnig stofnað aðra sérhæfða sjóði sem óheimilt er að markaðssetja til almennra fjárfesta. Engar lagalegar takmarkanir eru á fjárfestingum slíkra sjóða og fjárfesting í þeim er mun áhættusamari en í öðrum sjóðum. Slíkir sérhæfðir sjóðir eru ekki innlausnarskyldir og hafa gjarnan fyrirfram skilgreindan líftíma. Til eru margar gerðir sjóða með mismunandi fjárfestingarstefnur og þær lagareglur sem um starfsemina gilda geta einnig verið mismunandi.

Fjárfesting í sjóðum getur falið í sér eftirfarandi áhættu og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóðs áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin:

- a) **Sala og innlausn:** Ekki er víst að virkur eftirmarkaður sé til staðar með hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í viðkomandi sjóði og því gæti fjárfesti reynst erfitt að selja hlut sinn. Í sumum sjóðum eru auk þess takmarkanir á og/eða gjöld tengd innlausn hluta. Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta eru þó ávallt innlausnarskyldir. Þær aðstæður geta þó komið upp á mörkuðum að viðskipti með undirliggjandi eignir sjóða takmarkist vegna tímabundinnar óvissu um útgefendur fjármálagerninga í eigu sjóða. Í slíkum tilvikum er heimilt að fresta innlausnum í sjóði tímabundið sé það talið nauðsynlegt til að verja heildarhagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins.
- b) **Lagaáhætta:** Starfsemi einstakra sjóða getur fallið undir hvort heldur íslensk eða erlend lög sem getur þýtt að ákveðin fjárfestavernd eða hömlur á starfsemi sem eru í gildi í einu lögsagnarumdæmi eigi ekki við í öðrum lögsagnarumdæmum.
- c) **Skuldsetning:** Sumir sjóðir hafa heimild til að fjármagna ákveðna þætti starfsemi sinnar með lántökum og til að fjárfesta í afleiðusamningum. Slík skuldsetning getur aukið áhættu í starfsemi sjóðsins og haft kostnað í för með sér sem gæti leitt til lækkunar á virði hlutar fjárfestis í sjóðnum.
- d) **Réttur til þátttöku:** Fjárfestir í sjóði hefur yfirleitt lítinn sem engan rétt til að taka þátt í og/eða hafa áhrif á starfsemi viðkomandi sjóðs.
- e) **Fjárfestingarstefna:** Fjárfestingarstefna sjóða getur verið mjög mismunandi. Sumir sjóðir sinna sérhæfðum fjárfestingum og fjárfesta t.a.m. eingöngu í ákveðnum tegundum fjármálagerninga og/eða á ákveðnum markaðssvæðum. Áhættan sem sjóðurinn ber er því fyrst og fremst tengd viðkomandi fjármálagerningum og/eða markaðssvæðum. Einnig kunna sjóðir að fjárfesta á sviði þar sem mikil samkeppni ríkir og þar af leiðandi þar sem færri fjárfestingartækifæri eru fyrir hendi. Áhættustefna og áhættudreifing er mismikil milli sjóða en almennt felst meiri áhætta í sjóðum eftir því sem áhættudreifingin er minni.
- f) **Verðmat:** Ef sjóður fjárfestir í eignum sem ekki eru auðseljanlegar getur verið erfitt að meta virði hlutdeildarskírteina/ hlutabréfa hans.
- g) **Undirliggjandi eignir:** Undirliggjandi eignir í sjóði geta verið margvíslegar, svo sem hlutabréf, skuldabréf, fjárfesting í öðrum sjóðum og afleiður. Við mat á þeirri áhættu sem fólgin er í fjárfestingu í tilteknum sjóði skal hafa í huga þá áhættuþætti sem geta haft áhrif á virði undirliggjandi eigna sjóðsins. Er þá helst átt við markaðsáhættu og áhættu sem fólgin er í fjárfestingarstefnu hans, s.s. fjárfestingum utan skipulags viðskiptavettvangs, skortsölu fjármálagerninga og skuldsettum kaupum og/eða sölu, sem geta leitt til taps fyrir viðkomandi sjóð.
- h) **Stjórnunaráhætta:** Starfsemi og árangur einstakra sjóða fer að miklu leiti eftir hæfni stjórnenda og starfsfólks. Sjóðstjóri tekur ákvarðanir um fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Rangar ákvarðanir stjórnenda geta leitt af sér tap fyrir sjóðinn og fjárfesta. Ef sjóðstjóri eða lykilstarfsfólk lætur af störfum og ekki tekst að ráða hæft starfsfólk getur það haft neikvæð áhrif á árangur sjóðsins.

4. Afleiður

Afleiða er samningur þar sem uppgjörssákvæði byggist á breytingu tiltekins þáttar á tilteknu tímabili, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Afleiðusamningar veita fjárfesti rétt, sem getur verið valkvæður, til að kaupa eða selja einhverja undirliggjandi eign eða til uppgjörs í reiðufé. Virði slíks samnings byggir á þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags. Minniháttar breyting á verðmæti undirliggjandi eignar í afleiðusamningi getur haft hlutfallslega mikil áhrif á verðmæti samningsins með tilheyrandi jákvæðum eða neikvæðum afleiðingum fyrir viðkomandi fjárfesti.

Fjárfesting í afleiðum skyldi einungis eiga sér stað sé fjárfestir tilbúinn að þola umtalsvert tap. Um fjárfestingu í afleiðusamningum gilda ákveðnir skilmálar meðal annars um tryggingarþörf og tryggingarköll sem fjárfesti er ráðlagt að kynna sér áður en fjárfest er.

Dæmi um ólíka afleiðusamninga eru:

4.1 Framvirkir samningar

Framvirkur samningur kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma. Einnig geta slíkir samningar verið gerðir upp í reiðufé. Framvirkir samningar eru mjög áhættusöm fjárfesting einkum í ljósi þess að fjárfestir þarf oft ekki að leggja fram nema hluta þeirrar fjárhæðar sem fjárfest er fyrir og tekur því lán fyrir mismuninum. Slík skuldsetning þýðir að lítil hreyfing í virði hinnar undirliggjandi eignar getur haft hlutfallslega mikil áhrif á verðmæti samningsins með áhrifum til hækkunar eða lækkunar á markaðsvirði samningsins.

4.2 Valréttir

Valréttur er samningur sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa eða selja tiltekna eign á fyrirfram ákveðnu verði á tilteknum tíma eða innan tiltekinna tímamarka. Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, seljandi, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningsins. Það eru til margar

gerðir valréttarsamninga og hefur hver sín einkenni. Mestu skiptir þó hvort fjárfestir er kaupandi eða seljandi slíks samnings.

Kaup á valréttarsamningi:

Kaup á valréttarsamningi felur í sér minni áhættu en sala slíkra samninga vegna þess að ef verðþróun hinnar undirliggjandi eignar er óhagstæð fyrir fjárfesti getur hann ákveðið að nýta sér ekki valréttinn. Hámarks tap fjárfestis er því valréttargjaldið sem var greitt fyrir samninginn í upphafi.

Sala á valréttarsamningi:

Sala á valréttarsamningum felur í sér talsvert meiri áhættu en kaup á slíkum samningum. Við sölu á valréttarsamningi tekur fjárfestir á sig þá skyldu að kaupa eða selja hina undirliggjandi eign ef kaupandi valréttarins nýtir sér rétt sinn. Fjárfestir sem selur valréttarsamning gæti þurft að leggja fram tryggingar í upphafi samnings og viðbótartryggingar ef virði samningsins þróast seljandanum í óhag og gæti við uppgjör þurft að þola tap langt umfram það valréttargjald sem seljandinn fékk greitt fyrir samninginn í upphafi. Ef um sölurétt er að ræða og fjárfestir á þá eign sem hann hefur skuldbundið sig til að selja er áhættan minni. Ef fjárfestir á ekki þá eign sem hann hefur skuldbundið sig til að selja getur áhættan verið ótakmörkuð.

4.3 Samningar um fjárhagslegan mismun

Framvirkir samningar og valréttarsamningar geta verið þannig að einungis er heimilt að gera upp samninginn í reiðufé. Fjárfesting í slíkum samningum felur í sér sömu áhættu og fjárfesting í hefðbundnum framvirkum- og/eða valréttarsamningum sbr. kafla 4.1 og 4.2.

4.4 Skiptasamningar

Skiptasamningur er samningur milli aðila um að skiptast á mismunandi greiðsluflæði yfir ákveðið tímabil. Til eru ýmsar tegundir af skiptasamningum en algengustu tegundirnar eru vaxtaskiptasamningar og gjaldmiðlaskiptasamningar. Helstu áhættuþættir vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga eru vaxtaáhætta og gjaldeyrisáhætta.

Vaxtaskiptasamningur:

Samningur þar sem aðilar skiptast á vaxtagreiðslum af tilteknum höfuðstól í ákveðinn tíma í sama gjaldmiðli. Algengast er að annar aðilinn greiði fasta vexti af tilteknum höfuðstól en fái í staðinn breytilega vexti.

Gjaldmiðlaskiptasamningur:

Samningur þar sem aðilar skiptast á vaxtagreiðslum af höfuðstól í tveimur mismunandi gjaldmiðlum og skipti á höfuðstólum fara fram í upphafi og lok samningstímans. Þannig má nýta gjaldmiðlaskiptasamninga til að breyta láni eða eign úr einni mynt yfir í lán eða eign í annarri mynt

4.5 Afleiður utan skipulegs viðskiptavettvangs

Viðskipti með afleiður eiga sér oft á tíðum stað utan skipulegs viðskiptavettvangs og ber fjármálfyrirtækjum skylda til að láta fjárfesta vita þegar svo er. Fjárfesting í afleiðum utan skipulegs viðskiptavettvangs getur falið í sér þá áhættu að fjárfestir nái ekki að loka og gera upp opna afleiðusamninga sökum þess að enginn markaður er fyrir hendi með viðkomandi fjármálagerning auk þess sem verðmæti slíkra samninga getur verið óljóst.

5. Óskráð verðbréf

Óskráð verðbréf eru t.d. skuldabréf og hlutabréf sem ekki eru skráð á skipulögðum viðskiptavettvangi. Fjárfestingar í óskráðum verðbréfum bera aukna áhættu í samanburði við skráð verðbréf.

Fjárfesting í óskráðum verðbréfum getur falið í sér eftirfarandi áhættu:

- Seljanleikaáhætta:** Óskráð hlutabréf eru ekki skráð á skipulögðum viðskiptavettvangi og geta því oft reynst illseljanleg og verðmyndun þeirra ófullkomin og ógegnisæ.
- Skortur á upplýsingum:** Kröfur varðandi upplýsingagjöf eru minni hjá óskráðum félögum en skráðum auk þess að alla jafna er minna um fréttir og greiningarefni tengt óskráðum félögum en skráðum. Þar með er gegnsæi reksturs félagsins minni og áhættan eykst þar sem minni upplýsingar eru gerðar opinberar varðandi reksturinn.
- Smæðaráhætta:** Rekstur óskráðra hlutafélaga er oft á tíðum viðaminni en hjá skráðum hlutafélögum. Reksturinn er því jafnan viðkvæmari fyrir breytingum í efnahagsumhverfi og/eða breytingum sem tengjast rekstri félagsins eða atvinnugrein hans, og/eða pólitískum aðstæðum sem hafa í för með sér efnahagslegar afleiðingar.

Aðvörun

Öll viðskipti með fjármálagerninga fela í sér áhættu. Rétt er að fjárfestir meti fyrirhugaða fjárfestingu út frá þekkingu sinni og reynslu, fjárhagsstöðu og fjárfestingarmarkmiði. Varhugavert er að eiga viðskipti með fjármálagerninga án þess að hafa fullan skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í viðskiptunum felst.

Sjálfbærni í fjárfestingum

Með lögum [nr. 25/2023](#) um upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar var [SFDR \(e. Sustainable Finance Disclosure Regulation\) 2019/2088](#) og [Taxonomy 2020/852](#) veitt lagagildi á Íslandi og á sama tíma innleiddar breytingar á löggjöf um markaði fyrir fjármálagerninga. Tilgangur SFDR er að auka gagnsæi á fjármálamarkaði fyrir sjálfbærar fjárfestingar og hefur áhrif á starfsleyfis skylda aðila á fjármálamarkaði. Þegar veitt er fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta skulu aðilar á fjármálamarkaði afla upplýsinga um sjálfbærnióskir viðskiptavina. Ef framboð á fjárfestingarkostum uppfyllir ekki sjálfbærnióskir viðskiptavina geta þeir samt sem áður kosið að eiga viðskipti með fjármálagerninga. Löggjöfin skilgreinir ólíkar tegundir af sjálfbærnitengdum fjárfestingum og þætti sem hafa neikvæð áhrif á sjálfbærni.

Umhverfislega sjálfbær fjárfesting (Taxonomy)

Með „umhverfislega sjálfbærri fjárfestingu“ er átt við fjárfestingu í atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu.

Eitt af markmiðum reglugerðarinnar er að skilgreina þá atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði þess að teljast umhverfislega sjálfbær í þeim tilgangi að ákveða að hve miklu leyti fjárfesting í atvinnustarfsemi er umhverfislega sjálfbær.

Atvinnustarfsemi er umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar ef hún (a) stuðlar verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðanna sem sett eru fram í 9. gr. reglugerðarinnar, (b) skaðar ekki verulega umhverfismarkmiðin, (c) er stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir sem mælt er fyrir um í 18. gr. reglugerðarinnar og (d) hlítir tæknilegum matsviðmiðum.

Sjálfbær fjárfesting (SFDR – 9. gr.)

Með „sjálfbærri fjárfestingu“ er átt við fjármálaafurð sem fellur undir 9. gr. í reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Til þess að fjármálaafurð falli undir 9. gr. þarf hún að hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði.

Í megindráttum er hugtakið „sjálfbær fjárfesting“ skilgreint í reglugerðinni sem fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfis- eða félagslegu markmiði, að því tilskildu að slíkar fjárfestingar skaði ekki umtalsvert eitthvert þessara markmiða og fyrirtækin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum.

Undirliggjandi fjárfesting fjármálaafurða sem falla undir 9. gr. geta verið í fyrirtækjum sem stuðla annað hvort að umhverfis- eða félagslegu markmiði, til dæmis fyrirtæki sem framleiða endurnýjanlega orku eða stuðla að jafnrétti kynja.

Fjárfestingar sem efla umhverfis- eða félagslega þætti (SFDR – 8. gr.)

Með „fjárfestingu sem eflir umhverfis- eða félagslega þætti“ er átt við fjármálaafurð sem fellur undir 8. gr. í reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

Undir 8. gr. reglugerðarinnar falla fjármálaafurðir sem efla, meðal annars, umhverfis- eða félagslega þætti, eða samsetningu þessara þátta, að því tilskildu að fyrirtækin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum.

Fjármálaafurðir samkvæmt 8. gr. stuðla þannig að sjálfbærni en það er ekki markmið þeirra. Það kann til dæmis að vera að jarðefnaeldsneyti sé sett á útilokunarlista vegna kolefnislosunar, en öll undirliggjandi fjárfesting afurðarinnar er ekki beint að sjálfbærni, eins og í tilfelli fjármálaafurða sem falla undir 9. gr.

Helstu neikvæðu áhrif

Helstu neikvæðu áhrif (e. Principal Adverse Impacts) ætti að skilja sem þau áhrif af fjárfestingarákvörðunum og ráðgjöf sem leiða til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti.

Með sjálfbærniþáttum er átt við umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum og mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.

Blönduð áhersla á sjálfbærniþætti í fjárfestingum

Hér er átt við að lögð sé áhersla á mismunandi sjálfbærnieiginleika í fjárfestingum en ekki bara einn af þeim eiginleikum sem taldir eru upp að ofan. Í því felst að horft er á þá fjárfestingarkosti sem eru í boði á markaðnum og til dæmis að lögð sé áhersla á fjárfestingu í fjármálagerningum sem taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa og efla umhverfis- eða félagslega þætti.

Útdráttur úr stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra

Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „bankinn“) er fjármálafyrirtæki sem veitir alhliða fjármálaþjónustu og er jafnframt útgefandi fjármálagerninga á skipulegum verðbréfamarkaði. Bankinn stendur því óhjákvæmilega frammi fyrir hættu á hagsmunaárekstrum í starfseminni. Þess vegna leggur bankinn ríka áherslu á að allir starfsmenn hans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum þegar þeir sinna starfi sínu og gripi allra til viðeigandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans.

Þann 2. maí 2024 samþykkti stjórn Íslandsbanka uppfærða stefnu um hagsmunaárekstra sem gildir um stjórn og starfsmenn bankans og þá útivistunaraðila sem hafa skuldbundið sig samkvæmt útivistunarsamningi til að hlíta henni við framkvæmd útivistunarverkefna.

Allir starfsmenn skulu þekkja og starfa í samræmi við stefnuna og skulu í starfi sínu greina hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum í starfseminni. Starfsmenn eru jafnframt ábyrgir fyrir því að greina og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta tengst þeim sjálfum.

Markmið og tilgangur stefnunnar

Markmið stefnunnar m.a. er að stjórn og starfsmenn bankans þekki og fylgi viðeigandi lögum, reglum og tilmælum um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, sem um starfsemi bankans gilda og séu upplýst um viðkomandi áhættuþætti hvað þeirra starfssvið varðar.

Tilgangur stefnunnar er að tryggja að umgjörð um málaflökkinn sé í samræmi við viðeigandi lög, reglur og tilmæli sem um hann gilda á hverjum tíma, ábyrgð og verkskipting innan bankans í tengslum við hann sé skýr og fullnægjandi eftirlit með umgjörðinni sé viðhaft.

Greining á mögulegum hagsmunaárekstrum

Við greiningu á hagsmunaárekstrum er litið til árekstra sem geta m.a. komið upp milli hagsmuna bankans og viðskiptavinar, starfsmanns eða hluthafa, eininga innan bankans, viðskiptavina bankans innbyrðis og bankans sem móðurfélags og dótturfélaga bankans.

Við greiningu á því hvort hagsmunaárekstrar séu til staðar gagnvart viðskiptavinum bankans skal litið til þess hvort aðstæður séu þannig að hætta sé á að bankinn, starfsmenn hans eða tengdur aðili:

- sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ávinnings eða komast hjá fjárhagslegu tapi á kostnað viðskiptavinar;

- hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavininn er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreinanlegir frá hagsmunum viðskiptavinar að því er varðar niðurstöðuna, þar með talið sjálfbærnióskir viðskiptavinar;
- hafi fjárhagslegan eða annars konar hvata til að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar;
- stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur; eða
- þiggi eða muni þiggja hvatagreiðslu í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavininum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

Í stefnunni er að finna greinargóð dæmi um aðstæður þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið í starfsemi bankans.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Þar sem hætta á hagsmunaárekstrum er fyrir hendi skal gripið til allra viðeigandi ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða stýra þeim. Meðal þeirra ráðstafana sem bankinn viðhefur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eru:

- **Skipulags- og stjórnunarfyrirkomulag**, sem felur í sér viðeigandi aðgreiningu ábyrgðar og starfa, skilvirka áhættustýringu og innra eftirlit
- **Aðskilnaður starfssviða** til að koma í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda
- **Innra regluverk** bankans miðar að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra
- **Fræðsla og þjálfun til starfsmanna**
- **Starfskjarastefna bankans og þóknanir**
- **Sérstakar ráðstafanir í tengslum við sölutryggingar eða útboð fjármálagerninga**

Eftirlit og frekari upplýsingar

Regluvörður hefur eftirlit með því að viðeigandi ferlar og verklag séu til staðar til að tryggja hlítu við stefnu þessa og ber ábyrgð á eftirliti með því að stefnunni sé framfylgt.

Unnt er að óska eftir nánari upplýsingum um stefnu bankans um hagsmunaárekstra með því að senda beiðni á netfangið: hagsmunaarekstrar@islandsbanki.is.



Íslandssjóðir hf. - sjóðir

Tegund sjóðs	Heiti sjóðs	Kostnaður við kaup	Árl. umsj. laun
Skuldabréfasjóðir	IS Lausafjár safn ¹	0,00%	0,35%
	IS Veltusafn	0,00%	0,40%
	IS Ríkissafn	0,50%	0,70%
	IS Ríkisskuldabréf meðallöng	1,00%	0,90%
	IS Ríkisskuldabréf löng	1,00%	0,90%
	IS Ríkisskuldabréf óverðtryggt ¹	0,90%	0,90%
	IS Skuldabréfasafn ¹	0,80%	1,00%
	IS Sértryggt skuldabréf ¹	1,00%	0,90%
	IS Sértryggt skuldabréf VTR ¹	1,00%	0,90%
	IS Græn skuldabréf ¹	1,00%	1,00%
Innlendir hlutabréfasjóðir	IS Úrválsvísitölusjóðurinn	1,00%	0,40%
	IS Hlutabréfasjóðurinn ¹	2,00%	1,70%
	IS EQUUS Hlutabréf ¹	2,00%	1,85%
Erl. hlutabréfasjóðir	IS Heimssafn	2,00%	1,50%
Blandaðir sjóðir	IS Eignasafn - Ríki og sjóðir	1,00%	0,50%
	IS Eignasafn	1,50%	0,50%
	IS Einkasafn A ¹	1,00%	0,65%
	IS Einkasöfn B, C, D, E, Erlent ¹	1,00%	1,25%

¹ Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta.

Aðrir sjóðir

	Kostnaður við kaup	Árl. umsj. laun
Vanguard	0,75-2,0%	Skv. útboðslýsingu hvers sjóðs
Aðrir sjóðir	0,50-3,0%	Skv. útboðslýsingu hvers sjóðs

Kaup- og sölubóknun

Skuldabréf og víxlar

Ríkisskuldabréf, ríkisvíxlar og íbúðabréf:

- Gjald dagi innan eins árs	0,30%
- Gjald dagi lengri en eitt ár	0,40%
Önnur innlend skuldabréf	0,75%
Erlend skuldabréf	2,00%

Lágmarksbóknun skuldabréfaviðskipta er kr. 3.500.

Hlutabréf

Innlend skráð hlutabréf (lágmarksbóknun kr. 3.500)	1,00%
Erlend hlutabréf (lágmarksbóknun USD 100) ²	1,00%

² Lágmarksfjárhæð viðskipta kr. 300.000. Við kaup í Bretlandi bætist við 0,5% stimpilgjald. Af frönskum hlutabréfum á FTT (Financial Transaction Tax) lista greiðist 0,2% skattur við kaup og flutning.

Aflslættir

	Aflsláttur
Kaup í sjóðum Íslandssjóða í netbanka og appi	25%
Kaup í áskrift í sjóðum Íslandssjóða	50%
Kaup og sala innlendra hlutabréfa í netbanka og appi ³	25%

³ Lágmarksbóknun hlutabréfaviðskipta í netbanka og appi er kr. 2.000.

Framtíðarauður

Umsýslubóknun fjárfestingarleiða á ári	0,50%
Umsýslubóknun lífeyrisreikninga	0,00%
Inneign flutt milli fjárfestingarleiða (allt að tvisvar á ári)	0,00%
Inneign flutt milli fjárfestingarleiða (eftir tvo flutninga innan árs)	0,50%
Inneign flutt til annars vörsluaðila (lágmarksbóknun kr. 5.000)	0,50%
Inneign flutt af Lífeyrisreikningi til annars vörsluaðila	kr. 5.000

Einkabankaþjónusta

Eignastýring, þóknun á ári (lágmarkspóknun á ári kr. 75.000) ⁴	0,50%
Fjárfestingarráðgjöf, þóknun á ári (lágmarkspóknun á ári kr. 75.000) ⁴	0,65%
Afsláttur af kaup- og sölupóknun í skuldabréfaviðskiptum	50%
Afsláttur af kaup- og sölupóknun í hlutabréfaviðskiptum	50%
Afsláttur af kostnaði við kaup í sjóðum og afgreiðslugjaldi	50%
Afsláttur af vörslugjaldi íslenskra verðbréfa (ekki er veittur afsláttur af lágmarksgjaldi)	25%

⁴ Þóknun reiknast af meðalsstöðu safns í hverjum mánuði og er innheimt tvisvar á ári.

Fagfjárfestaþjónusta

Eignastýring, þóknun á ári (lágmarkspóknun á ári kr. 75.000) ⁵	0,50%
Afsláttur af kaup- og sölupóknun í skuldabréfaviðskiptum	50%
Afsláttur af kaup- og sölupóknun í hlutabréfaviðskiptum	50%
Afsláttur af kostnaði við kaup í sjóðum og afgreiðslugjaldi	50%
Afsláttur af vörslugjaldi íslenskra verðbréfa (ekki er veittur afsláttur af lágmarksgjaldi)	25%

⁵ Þóknun reiknast af meðalsstöðu safns í hverjum mánuði og er innheimt tvisvar á ári.

Vörslugjald ⁶

	á ári
Íslensk verðbréf og hlutdeildarskírteini	0,045%
Bandarísk, bresk og kanadísk verðbréf	0,03%
Norsk verðbréf	0,08%
Norræn verðbréf, önnur en norsk	0,04%
Evrópsk verðbréf	0,06%
Verðbréf á öðrum mörkuðum	0,02–0,40%
Varsla handveða	0,045%

⁶ Lágmarksvörslugjald á ári er kr. 3.200. Ekkert vörslugjald, þ.m.t. lágmarksgjald, reiknast af sjóðsdeildum Íslandssjóða hf. Vörslugjald af almennum vörslureikningum reiknast af meðalsstöðu safns í hverjum mánuði og er innheimt einu sinni á ári. Vörslugjald af vörslureikningum í Einkabanka- og Fagfjárfestaþjónustu reiknast af meðalsstöðu safns í hverjum mánuði og er innheimt tvisvar á ári. Vörslugjald reiknast sem hlutfall af markaðsvirði eða nafnvirði (eftir því sem við á) verðbréfa í vörslu og eignastýringu.

Annað

Afgreiðslugjald íslenskra verðbréfa í viðskiptum	kr.	1.000
Afgreiðslugjald innlendra hlutabréfa í netbanka og appi	kr.	300
Afgreiðslugjald sjóða Íslandssjóða í netbanka og appi	kr.	0
Afgreiðslugjald verðbréfa í afhendingum og framsölum	kr.	1.000
Afgreiðslugjald, framsal/afhending til annarrar fjármálastofnunar	kr.	1.000
Afgreiðslugjald verðbréfa í fyrirtækjaaðgerðum	kr.	500
Afgreiðslugjald erlendra verðbréfa í viðskiptum		
USD 7, EUR 6, GBP 6, DKK 47, NOK 68, SEK 67, AUD 10, CAD 10, CHF 7, JPY 770		
Afgreiðslugjald erlendra verðbréfa í fyrirtækjaaðgerðum*		
USD 4, GBP 3, EUR 3, AUD 5, CHF 4, CAD 5, SEK 28, NOK 26, DKK 23		
Breyting á skráningu hlutfjár (conversion)	kr.	4.500
Breyting á skráningu hlutfjár í Arion banka hf. – kostnaður vörsluaðila	SEK	2.500
Breyting á skráningu hlutfjár í Marel hf. – kostnaður vörsluaðila	kr.	8.500
Skipting dánarbúa, hver færsla, hver erfingi	kr.	1.000
Auka viðskiptayfirlit í bréfpósti	kr.	1.000
Yfirlýsing um eignastöðu	kr.	1.200
Útseld vinna, pr. klst.	kr.	25.000

Með þessari verðskrá fellur jafnframt úr gildi fyrri verðskrá. Liðir sem breytast frá fyrri verðskrá eru stjörnumerktir*
Að öðru leyti er vísað í almenna verðskrá Íslandsbanka hf.

Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Verðbréfaráðgjafar Íslandsbanka, sími 440 4000, verdbref@islandsbanki.is, www.islandsbanki.is